

Velferðarsvið Kópavogs



ÁRSSKÝRSLA
2017



ÚTGEFANDI: VELFERÐARSVIÐ KÓPAVOGSBÆJAR
ÁBYRGÐARMAÐUR: AÐALSTEINN SIGFÚSSON
UPPSETNING: SIGRÍÐUR SIGURJÓNSDÓTTIR
PRENTUN: SAMSKIPTI

EFNISYFIRLIT



RÁÐ OG NEFNDIR	BLS. 4
SKIPURIT VELFERÐARSVIÐS	BLS. 5
ÁVARP SVIÐSSTJÓRA	BLS. 7
SKIPTING FJÁRMAGNS	BLS. 11
RÁÐGJAFI- OG ÍBÚÐAÐEILD	BLS. 13
BARNAVERND	BLS. 23
ÞJÓNUSTU- OG RÁÐGJAFARDEILD FATLAÐRA	BLS. 31
ÞJÓNUSTU- OG RÁÐGJAFARDEILD ALDRAÐRA	BLS. 41
ALMENN SKRIFSTOFA	BLS. 49

RÁÐ OG NEFNDIR

BARNAVERNDARNEFND

FORMAÐUR NEFNDAR

KOLBRÚN ÞORKELSDÓTTIR

AÐALMENN

BRAGI MICHAELSSON

MAGNÚS M. NORÐDAHL

MATTHÍAS BJÖRNSSON

SIGNÝ ÞÓRÐARDÓTTIR

VARAMENN

BRAGI ÞÓR THORODDSEN

KAREN E. HALLDÓRSDÓTTIR

KRISTÍN SÆVARSDÓTTIR

MARGRÉT JÚLÍA RAFNSDÓTTIR

ÞÓRIR GEIRSSON

VELFERÐARRÁÐ

FORMAÐUR NEFNDAR

GUNNSTEINN SIGURÐSSON

AÐALMENN

GUÐBJÖRG SVEINSDÓTTIR TÓK SÆTI ARNPÓRS SIGURÐSSONAR Í NÓVEMBER

GUÐMUNDUR GÍSLI GEIRDAL

HELGA SIGRÚN HARÐARDÓTTIR

ÓLÖF PÁLÍNA ÚLFARSDÓTTIR

RAGNHEIÐUR S. DAGSDÓTTIR

SIGURLAUG KRISTÍN SÆVARSDÓTTIR

SVERRIR ÓSKARSSON

VARAMENN

ANDRI STEINN HILMARSSON

INGIBJÖRG INGVAÐÓTTIR

ÍSÓL FANNEY ÓMARSÐÓTTIR

KAREN E. HALLDÓRSDÓTTIR


MAGNEA GUÐMUNSDÓTTIR

RANNVEIG BJARNADÓTTIR

SIGNÝ ÞÓRÐARDÓTTIR TÓK SÆTI GUÐBJARGAR SVEINSDÓTTUR Í NÓVEMBER

ÞRÁINN HALLGRÍMSSON

SKIPURIT VELFERÐARSVIÐS






Þegar litið er til ársins og undanfarinna ára kemur upp í hugann hversu flókin félagsþjónusta í raun er og hversu erfitt er að finna hina réttu leið. Margar breytur hafa hér áhrif s.s. tilfallandi þjóðfélagsbreytingar og til langframa, mismunandi viðhorf fólks og þarfir, pólitískar áherslur og ekki síst breytingar á lögum og reglugerðum. Í þessum aðstæðum starfar velferðarsvið og höfuðáhersla er lögð á að geta brugðist við þessum breytingum og finna leiðir til að bæta þjónustuna. En óhætt er að segja að hinu endanlega markmiði sé varla hægt að ná, þ.e. að veita hina fullkomnu þjónustu. Góð félagsþjónusta er þó sú sem les í aðstæður, vekur athygli á þörfum og hefur sem keppikefli að veita, eftir atvikum, eins góða þjónustu og kostur er.

Barnavernd er og verður afar mikilvægur þáttur í þjónustu velferðarsviðs, en góðar aðstæður barna eru grunnur að góðu samfélagi. Margsannað er að lengi býr að fyrstu gerð og því ber að leita allra leiða til að styðja við foreldra og hafa jafnframt glögggt auga með aðstæðum barna, hvort sem er á heimilum þeirra eða annars staðar.



Líklega má fullyrða að í flestum tilvikum búi börn við góðar eða viðunandi aðstæður. En margskonar erfiðleikar geta stöðjað að. Má þar nefna efnislega fátækt, útilokun eða einelti, tilfinningalega og líkamlega vanrækslu foreldra og hvers konar andlegt og líkamlegt ofbeldi. Starfsmönnum Barnaverndar er ætlað það hlutverk að kanna mál sem hafa verið tilkynnt og eftir atvikum styðja við aðstæður barna eins og kostur er. Það er ekki öfundsvært hlutverk þegar málum er þannig háttáð að stuðningur við foreldra ber lítinn sem engan árangur, óháð því hversu mikill hann er, og grípa þarf til íþyngjandi aðgerða, eins og eftirlits með heimilum barna, tímabundinna vistana eða þegar verst lætur forsjásviptingar.

Slík mál reyna á starfsmenn og ekki síst þegar ósanngjörn og jafnvel ósönn umræða fer fram á opinberum vettvangi án þess að þeir eigi þess kost að bera hönd fyrir höfuð sér.




Á mynd 1.1 má sjá fjölda barna í Kópavogi síðustu ár. Þeim hefur farið stöðugt fjölgandi, en heldur hefur dregið úr fjölguninni á árinu, en erfitt er að draga ályktanir um þróun á næstu árum, enda mikið magn íbúða að koma inn á markaðinn á næstu misserum. Þó má velta fyrir sér hvort aðstæður almennt í samfélaginu dragi eitthvað úr barneignum

og þá aðallega vegna skorts á húsnæði fyrir ungt fólk (sjá mynd 1.2). Ef svo er þá er það skýrt dæmi um áhrif kreppunnar fyrir 10 árum síðan. Þess má geta að frjósemi íslenskra kvenna var 1,71 barn á hverja konu og hefur hún aldrei verið lægri sbr. neðangreint línurit (Hagstofa Íslands 2018).




Mynd 1.3 sýnir m.a. að 839 tilkynningar um 534 börn, eða 6,1% barna í Kópavogi, bárust Barnavernd Kópavogs á árinu sem er talsvert aukning frá fyrra ári. Kannanir á þessum tilkynningum leiddu til vinnslu í málum 367 barna, en hægur stígangur hefur verið í fjölda þessara mála. Starfsmenn eru sammála um að eðli mála sé að breytast að því leyti að þau eru bæði þyngri í meðföllum og alvarlegri.




Þannig hefur málum er varða vanrækslu fjölgað verulega, eða úr 121 árið 2008 í 260 á árinu (sjá mynd 1.4). Vanræksla getur meðal annars varðað líkamlega umönnun, stuðning við barnið og

tilfinningalega umönnun, og að baki kunna að vera alvarlegar aðstæður foreldra svo sem geð- og eða þroskaraskanir eða neysla fíkniefna (mynd 1.5). Í slíkum neyslutilvikum virðist oft vera um harðari neyslu að ræða en áður og því erfiðara um vik að koma aðstoð inn á viðkomandi heimili.



Kópavogsbær er aðili að samstarfi sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu og lögreglunnar gegn heimilisofbeldi. Á mynd 1.6 má sjá fjölda heimilisofbeldismála í Kópavogi frá 2009 til 2017. Samstarfið hefur leitt af sér mun markvissari meðferð þessara mála en áður, en starfsmenn hafa mótað ákveðnar verklagsreglur þar sem reynt er eftir megni að færa samskipti foreldra til betri vegar og þar með aðstæður barnanna. Um afar erfið mál




er að ræða og áberandi er að vandamálin eru síst bundin við bágbornar félagslegar aðstæður heldur eru til staðar óháð t.d. efnahag og menntun.

Þá er athyglisvert að vímuefnaneysla hefur farið minnkandi meðal barna sem hafa ratað inn í barnavernd, en um leið virðist neysla þeirra gjarnan vera alvarlegri (sjá mynd 1.7). Á landsvísi vantar stefnu í þessum málum, en vönduð og samfelld meðferðarúrræði vantar fyrir börn sem eru í misalvarlegri neyslu.




Velferðarsvið hefur lagt áherslu á góða barnavernd, en gera má enn betur og vil ég nefna sérstaklega tvennt í því sambandi þótt fleira þurfi að koma til. Annars vegar þarf að koma á meiri samvinnu milli stofnana bæjarins; barnaverndar, leikskóla, grunnskóla, og mæðra- og ungbarnaeftirlits og hins vegar þarf að koma til verulega aukin áhersla á fyrirbyggjandi aðgerðir þannig að grípa megi inn í mögulega óheillaþróun mun fyrr en nú er gert.

Aldurssamsetning íbúa í bænum er að breytast og kallar það á enn frekari áherslu á þjónustu við aldraða. Fjölgun þess aldurshóps er mun hraðari en annarra aldurshópa og er hlutfall aldraðra nú 12,6% af heildarfjölda íbúa. Fyrir liggur að leggja þarf



mun meiri áherslu á heimaþjónustu; bæði dag- og kvöldþjónustu, ásamt dagvistun, en langur biðlisti er eftir slíku úrræði. Nauðsynlegt er jafnframt að samþætta frekar félagslega heimaþjónustu og heimahjúkrun ásamt því að leggja verulega áherslu á heilsueflandi þjónustu sbr. lýðheilsustefnu bæjarins. Unnið er að endurskoðun félagslegrar heimaþjónustu velferðarsviðs, m.a. til þess að gera hana fjölbreyttari og þannig að hún komi betur til móts við þarfir notenda. Meðal annars er gert ráð fyrir að stofna til sértækrar heimaþjónustu fyrir notendur með geðgreiningu, auka hlut innlitsþjónustu og auka faglega framkvæmd.



Þrátt fyrir að hér að ofan hafi aðeins verið minnst á barnavernd og málefni aldraða þá annast velferðarsvið margháttða aðra þjónustu eins og þessi ársskýrsla ber með sér. Góð velferðarþjónusta tekur mið af þörfum íbúanna og þeim breytingum sem eiga sér stað í samfélaginu. Þannig hefur aukin fjárhagsleg hagsæld dregið úr umsvifum fjárhagsaðstoðar og atvinnuráðgjafar, en um leið gefið starfsmönnum tækifæri til að sinna frekar þeim sem verst eru settir félagslega. Þar er mikilvægi ráðgjafar og stuðnings afgerandi.

Heildarfjöldi stöðugilda á velferðarsviði er 220. Ég vil færa öllum þessum starfsmönnum þakkar. Framkoma þeirra og störf eru, að ég tel, til fyrirmyndar.

Aðalsteinn Sigfússon
sviðsstjóri velferðarsviðs

SKIPTING FJÁRMAGNS

	Á verðlagi des 2017			
	2014	2015	2016	2017
<i>Vísitala neysluverðs</i>	1,056	1,037	1,019	1,000
Barnaverndarnefnd	3.711.299	1.906.235	2.193.834	3.176.967
Velferðarráð	4.291.112	5.414.539	6.834.142	14.179.373
Skrifstofuhald	110.034.937	118.114.305	112.282.370	120.211.548
Barnavernd	106.732.731	119.957.090	132.872.041	149.693.656
Ráðgjafa- og íbúðadeild	93.852.836	94.017.873	99.163.181	94.479.181
Öldrunarmál: Skrifstofa	43.003.490	39.051.911	65.604.031	42.717.644
Málefni fatlaðs fólks: Skrifstofa	23.569.691	26.619.560	25.793.695	27.586.034
Ferðaþjónusta	68.406.954	73.223.020	108.615.648	102.398.533
Endurgreiðslur (JS+Útsv.+millir)	-1.093.351.757	-1.186.201.075	-1.198.581.744	-1.365.723.290
Gjöld	1.133.789.593	1.257.042.802	1.402.690.095	1.529.006.197
Vegna yfirf. málefna fatlaðs fólks	40.437.836	70.841.727	204.108.351	163.282.907
Fjárhagsaðstoð	313.992.423	290.818.944	235.115.788	175.209.265
Tilsjón og persónuleg ráðgjöf	40.144.135	40.742.098	40.090.458	31.929.293
Liðveisla	88.794.496	115.799.941	117.786.662	111.263.418
Niðurgreidd leikskólagjöld	21.938.506	22.357.884	27.128.013	26.033.074
Fósturlaun og vistanir	74.793.852	72.108.686	87.570.802	106.200.670
Áttan uppeldisráðgjöf	18.589.872	18.251.852	20.686.972	22.758.264
Úrræði Dalbrekku	8.207.289	0	0	0
Húsaleigubætur nettó	143.743.042	135.320.978	131.723.921	130.000.000
Félagsleg heimaþjónusta	204.943.966	223.940.383	207.277.719	220.985.733
Lífeyrisþegar: Framlög, sund og strætó	55.298.925	72.452.147	77.138.219	75.315.828
Boðþing: Til Hrafnistu	8.601.498	8.759.877	9.280.516	882.921
Afsláttur fasteignagjalda	58.888.087	56.509.675	65.907.676	76.604.790
Roðasalir: Sambýli og dagvist	30.716.461	52.058.001	50.131.702	62.162.183
Hörðukór búsetuúrræði	27.374.756	31.839.354	22.890.983	24.859.573
Dvöl			10.904.499	12.985.368
Styrkir og jafnréttismál	6.567.580	8.269.003	8.223.911	6.839.934
Velferðarmál með endurgr. * & **	1.596.635.775	1.698.375.085	1.869.325.132	1.801.756.157
Velferðarmál án endurgr. * & **	1.898.604.740	2.001.962.811	2.798.829.738	2.875.147.984
Staða miðað við áætlun	104,48%	99,39%	103,26%	97,84%
Skatttekjur Kópavogsbæjar	18.995.145.908	20.462.650.056	22.655.693.927	23.306.576.382
Hlutfall útgjalda velferðarsviðs/skatttekjur	8,41%	8,30%	8,25%	7,73%
Íbúafjöldi Kópavogsbæjar	33.205	34.140	35.246	35.970
Félagsmál: Kostn./íb.	48.084	49.747	53.037	50.090
Fjárhagsaðstoð: Kostn./íb.	9.456	8.518	6.671	4.870

* 2014 og 2015 bókfærðust endurgreiðslur frá jöfnunarsjóði inn á velferðarsvið en ekki útsvarstekjur.
** 2016 og 2017 bókuðust hvorki jöfnunarsjóðstekjur né útsvarstekjur inn á velferðarsvið.

RÁÐGJAFA- OG ÍBÚÐAÐEILD

2



Í deildinni störfuðu 9 starfsmenn í 9,0 stöðugildum í lok árs en starfsmenn voru 10 í 10,0 stöðugildum fram til 1. maí þegar starfsmaður sem annaðist móttöku kvótaflóttamanna lauk störfum. Starfsmaður Vinnumálastofnunar sem hafði haft aðsetur í deildinni var fluttur til Vinnumálastofnunar að nýju á árinu en samstarf hafði verið við stofnunina frá 2013 um að hafa fasta starfsmenn með aðsetur í deildinni.

Í árslok störfuðu 6 ráðgjafar í fullu starfi við félagslega ráðgjöf og fjárhagsaðstoð. Þá starfa tveir þjónustufulltrúar í deildinni, annar við afgreiðslu á fjárhagsaðstoð og hinn annast umsýslu leiguíbúða.

Deildarstjóri er Rannveig María Þorsteinsdóttir.

VERKSVIÐ

Hlutverk deildarinnar er að veita þjónustu, aðstoð og ráðgjöf samkvæmt lögum nr. 40/1991 um félagsþjónustu sveitarfélaga og starfa skv. húsaleigulögum nr. 36/1994.

Meginverkefnið varða:

- Félagslega ráðgjöf
- Fjárhagsaðstoð
- Atvinnuráðgjöf og vinnumiðlun
- Endurhæfingu
- Áfangaheimili
- Félagslegt leiguhúsnæði
- Verkefni í móttöku kvótaflóttamanna

FÉLAGSLEG RÁÐGJÖF OG FJÁRHAGSAÐSTOÐ

Markmið laga um félagsþjónustu er að tryggja fjárhagslegt og félagslegt öryggi íbúa og stuðla að velferð þeirra á grundvelli samhjárpar m.a. með því að bæta lífskjör þeirra sem höllum fæti standa.

Fjölskyldur og einstaklingar sem orðnir eru 18 ára, geta leitað eftir þjónustu, aðstoð og ráðgjöf hjá ráðgjafa- og íbúðadeild í málum sem varða fjárhagsvanda og framfærslu eða aðra félagslega erfiðleika.


Upplýsingagjöf og leiðsögn um réttindi og skyldur í velferðarkerfinu eru stór þáttur í starfi ráðgjafa, hvort heldur er í félagslega kerfinu eða öðrum kerfum. Veitt aðstoð er gjarnan tímabundin, t.d. þegar um er að ræða veikindi, áföll eða atvinnuleysi. Í öðrum tilvikum þarf þjónustu til lengri tíma, ekki síst þegar einstaklingur hefur glímt við langvarandi óvirkni vegna veikinda eða langtíma atvinnuleysis.

TEYMISVINNA

Starfsmenn skiptast í teymi sem hvert um sig sinnir sérhæfðum verkefnum. Verkefni felast annars

vegar í félagslegri ráðgjöf og afgreiðslu umsókna um fjárhagsaðstoð og hins vegar í einstaklingsvinnu þar sem markvisst er unnið að því, eftir því sem við á, að bæta félagslega og fjárhagslega stöðu einstaklinga með endurhæfingu eða með því að aðstoða einstaklinga til að fara út á vinnumarkað. Teymin eru þrjú talsins: Ráðgjafaver, endurhæfingarteymi og Atvinnuver, sjá meðfylgjandi mynd 2.1.

Mynd 2.1 FERLU MÁLA OG TEYMIN INNAN DEILDARINNAR




Ráðgjafaver móttækur öll erindi frá íbúum sem varða félagslega ráðgjöf og fjárhagsaðstoð. Þar fer fram upplýsingaöflun, greining, mat og ráðgjöf og mál eru ýmist afgreidd af ráðgjafa eða vísað í réttan farveg. Auk þess annast ráðgjafar í Ráðgjafaveri alla afgreiðslu á fjárhagsaðstoð, þ.e. fara yfir fylgigögn og ganga úr skugga um rétt íbúa og skyldur hans gagnvart greiðslum, ásamt því að veita félagslega ráðgjöf og bráðamóttöku þegar þörf krefur. Í árslok tilheyrðu fjórir starfsmenn Ráðgjafaveri; þrír ráðgjafar og einn þjónustufulltrúi.

Alls voru móttækin og skráð 1.836 símtöl í Ráðgjafaveri og var það 24% aukning í fjölda skráðra símtala frá síðasta ári þegar símtöl voru 1.477. Erindi símtala snúa að ýmis konar vanda, s.s. vegna fjárhagserfiðleika, skorts á húsnæði, veikinda, fjölskylduaðstæðna, félagsvanda o.s.frv.

Nýskráningar vegna umsókna um fjárhagsaðstoð voru samtals 355 miðað við 401 á síðasta ári, sjá mynd 2.2. Samtals var fjárhagsaðstoð afgreidd til 401 heimilis samanborið við 475 heimili á síðasta ári.

Atvinnuver hefur það hlutverk að sinna atvinnuleitendum með fjárhagsaðstoð til framfærslu og ungu fólki sem er utan kerfa, þ.e. eru hvorki í vinnu eða skóla né á bótum. Er það gert með atvinnutengdum aðgerðum sem miða




Endurhæfingarteymi hefur á að skipa tveimur ráðgjöfum sem vinna með þeim sem búa ekki yfir vinnufærni og hafa skilað læknisvottorðum því til staðfestingar. Starf ráðgjafa felst í að vinna að virkni með samningum um félagslega ráðgjöf, oft til að takast á við fíknisjúkdóm eða önnur andleg eða líkamleg veikindi. Einnig eru gerðar endurhæfingarætlanir sem miða að því að byggja upp vinnufærni, þ.m.t. með því að vísa málum í Virk starfsendurhæfingu eða fylgja eftir beiðnum til Tryggingastofnunar um endurhæfingarlífeyri eða tímabundið eða varanlegt örorkumat og þá í gegnum lækna. Endurhæfingarteymið fylgir einnig eftir þeim sem eru á námsstyrkjum eða í þjálfun eins og í Fjölsmiðjunni.

Á árinu fóru alls 40 einstaklingar á endurhæfingarlífeyri og 17 á örorkulífeyri. Enginn fór á örorkustyrk hjá Tryggingastofnun ríkisins. Á síðasta ári fóru 40 á endurhæfingarlífeyri og 32 á örorkulífeyri og enginn á örorkustyrk.

að atvinnuþátttöku með atvinnuráðgjöf, stuðningi við atvinnuleit, hvatningu, eftirfylgni markmiða og sérstökum úrræðum eftir þörfum. Í Atvinnuveri er horft til þess að allir sem geta eigi að hafa möguleika á að sjá fyrir sér og sínum með atvinnu. Hugmyndafræði Atvinnuversins byggir á því að finna megi öllum stað í atvinnulífnum að teknu tilliti til vinnufærni hvers og eins og eftirspurnar á vinnumarkaði. Staðsetning í atvinnulífnum ræðst síðan af styrkleikum hvers og eins, færni og áhuga. Fyrir liggur að þeir sem hafa verið lengi atvinnulausir og á félagslegum bótum þurfa oft töluverðan stuðning til að komast aftur í virkni, enda eru kvíði og depurð oft fylgikvillar langvarandi óvirkni. Starfsþjálfun er eitt af úrræðum Atvinnuvers og voru alls gerðir 8 starfsþjálfunarsamningar á árinu í samtals 21 mánuði eða 2,6 mánuði að meðaltali.

Nýskráningar í Atvinnuveri og útskráningar úr

2.3. FJÖLDI NÝSKRÁNINGA OG ÚTSKRÁNINGA




Atvinnuveri má sjá á mynd 2.3. Nýskráningar voru alls 45 miðað við 81 á síðasta ári og endurspeglar það fækkun íbúa með fjárhagsaðstoð og gott atvinnuástand. Útskráningar voru samtals 60 og voru flestir útskráðir í júní og október. Samstarf var við Skógræktina í Guðmundarlandi um tímabundnar ráðningar frá vori og fram á haust og einnig var atvinnuleitendum með fjárhagsaðstoð beint í sumarstörf hjá bænum.

Á mynd 2.4 má sjá að rúmur helmingur (52%) þeirra sem útskrifaðir voru úr Atvinnuveri fóru í vinnu eða nám. Hlutfallslega fóru færri í vinnu á þessu ári (43%) en því síðasta (53%). Alls reyndust 10 af 60 sem voru útskrifaðir (17%) ekki búa yfir vinnufærni til þátttöku á vinnumarkaði og var vísað í endurhæfingarteymi eða Virk starfsendurhæfingu.

Einn atvinnuráðgjafi var í starfi hjá bænum og vinnur hann í nánú samstarfi við aðra ráðgjafa í deildinni, við fulltrúa Vinnuástandstofnunar í gegnum Stígs verkefnið, við forstöðumenn stofnana hjá bænum og einnig aðila á vinnumarkaði.

2.4 ÚTSKRÁNINGAR ATVINNUVERS 2017



FJÁRHAGSAÐSTOÐ

Fjárhagsaðstoð er veitt samkvæmt reglum sem bæjarstjórn setur. Annars vegar er um að ræða grunnaðstoð fjárhagsaðstoðar sem veitt er þegar einstaklingur, hjón eða sambúðarfólk hafa skattskyldar tekjur undir ákveðnum viðmiðunarmörkum. Á árinu voru viðmiðunarmörkin kr. 165.604,- fyrir einstakling og kr. 264.967,- fyrir hjón og sambúðarfólk sem búa í eigin húsnæði eða eru með þinglýstan húsaleigusamning. Hins vegar eru svonefndar heimildargreiðslur vegna sérstakra aðstæðna að uppfylltum ákveðnum skilyrðum.

Hér er um ræða námsaðstoð, húsbúnaðaraðstoð, útfararstyrki, greiðslur vegna sérfræðiaðstoðar, aðstoð vegna fyrirframgreiðslu húsaleigu, aðstoð vegna sérstakra erfiðleika, sérstaka aðstoð til foreldra vegna barna, aðstoð vegna endurhæfingar og desemberstyrki.


Öll fjárhagsaðstoð er einstaklingsbundin og skal hún miða að því að hvetja til sjálfsbjargar og virkni í samfélaginu. Sérhverjum sem sækir um aðstoð er skylt að leita sér að atvinnu og taka þeirri atvinnu sem býðst nema veikindi, örorka, aldur eða aðrar gildar vottfestar ástæður hamli því. Fjárhagsaðstoð

sveitarfélagsins er öryggisnet, þ.e. tímabundið úrræði og neyðarráðstöfun til þess að forða þeim einstaklingum og fjölskyldum frá örbirgð sem ekki eigi neinna annarra kosta vöð til þess að eiga í sig og á. Á mynd 2.5 má sjá að alls fengu 401 heimili fjárhagsaðstoð á árinu samanborið við 475 heimili á síðasta ári sem er fækkun um 18,5%. Bætt efnahagsástand og lítið atvinnuleysi er eflaust megin skýring á fækkun heimila með


fjárhagsaðstoð. Heimilum sem fengu grunnaðstoð til framfærslu fækkaði frá fyrra ári, úr 289 í 231 sem er fækkun um 20%. Alls fengu 170 heimili greitt samkvæmt heimildar-ákvæðum í reglum Kópavogsbæjar um fjárhagsaðstoð. Þriðjungur heimila (132 heimili) fékk aðstoð í einn mánuð á árinu, 55% fengu aðstoð í þrjá mánuði (222 heimili) og 7% eða 30 heimili í 12 mánuði (sjá mynd 2.6).

2.5. FJÁRHAGSAÐSTOÐ OG FJÖLDI HEIMILA 2013-2017

UPPREIKNAD Á VERÐLAGI 2017



2.6. LENGÐ AÐSTOÐAR OG FJÖLDI HEIMILA



Velferðarsvið hefur stutt einstaklinga 16 ára og eldri til að nýta sér verkþjálfun og fræðslustarfsemi Fjölsmiðjunnar og voru 20 einstaklingar í þjálfun hjá Fjölsmiðjunni á árinu en 19 á síðasta ári. Af þessum 21 nemum voru 10 með tilvísun frá Barnavernd, 10 frá ráðgjafa- og íbúðadeild og 1 frá þjónustu- og ráðgjafardeild fatlaðra.

Fjöldi einstaklinga sem fékk aðstoð til náms á árinu var 21 en þeir voru 22 á síðasta ári.

Í töflu 1 má sjá heildarfjárhæðina sem veitt var í fjárhagsaðstoð á árinu, kr. 175.209.265, og hvernig hún skiptist.

Tafla 1 Fjárhagsaðstoð 2017

	Fjárhæð (í.kr)	Hlutfall
Framfærsla	125.508.250	71,60%
Veitt lán	39.280.741	22,40%
Nám og endurhæfing	11.567.758	6,60%
Fjölsmiðjan	10.459.353	6,00%
Aðrir styrkir	8.846.089	5,00%
Styrkir vegna sérstakra erfiðleika	6.519.056	3,70%
Desemberstyrkir	2.727.768	1,60%
Útfararstyrkir	2.391.400	1,40%
Sérstök aðstoð vegna barna	1.825.408	1,00%
Endurgreitt v. erlendra ríkisborgara	-3.406.069	-1,90%
Endurgreidd lán og niðurfellð	-30.510.489	-17,40%
Samtals	175.209.265	100,00%

SAMSTARF VIÐ FÉLAGASAMTÖK

Soroptimistaklúbbur Kópavogs og ráðgjafa- og íbúðadeild hófu samstarf að beiðni klúbbsins á árinu 2016. Markmið samstarfsins er að styðja ungar einstæðar mæður í Kópavogi til betra lífs, m.a. með því að hjálpa þeim að byggja upp sterka sjálfsmynd og veita þeim stuðning og hvatningu, ekki síst til frekara náms til að bæta stöðu þeirra

á vinnumarkaði. Á árinu var ákveðið að bjóða einnig barnlausum konum á aldrinum 18 til 30 ára að taka þátt. Kópavogsklúbburinn lítur á þetta samstarfsverkefni sem langtíma verkefni til nokkurra ára. Alls tóku 16 konur þátt í verkefninu á árinu.

Stjórn klúbbsins fékk Lilju Bjarnadóttur sáttasemjara til að halda námskeið fyrir hópinn þar sem fjallað var um samskipti, sjálfstraust, markmiðasetningu og viðhorf. Í framhaldi af því héldu starfsmenn ráðgjafa- og íbúðadeildar námskeið sem fjallaði um námsráðgjöf, fjármálalæsi, námstækni ofl.

Til að styrkja félagstengsl þátttakenda bauð

klúbburinn hópnum í leikhús í lok námskeiðs á vorönn. Soroptimistaklúbburinn styrkti þátttakendur einnig með Bónuskortum fyrir jólin í lok námskeiðs á haustönn.

Hugarafli gerði samning við Kópavogsbæ um þjónustu við allt að 10 einstaklinga sem eru óvinnufærir vegna andlegra veikinda, þó ekki vegna fíknisjúkdóma. Markmið þjónustu Hugarafli er að efla vald einstaklinga yfir aðstæðum sínum og lífi, styrkja sjálfsmynd þeirra, sjálfstraust og félagslega stöðu og auka lífsgæði með virkri

þátttöku í samfélaginu. Það er gert með þátttöku í skipulagðri dagskrá hjá Hugarafli fjóra daga í viku í 13 vikur, svokallaðri Endurhæfingarlotu, þar sem jafnframt eru lögð drög að endurhæfingaráætlun hjá Tryggingastofnun ríkisins eða stefnt á nám eða starf í gegnum Atvinnuver. Í heildina voru 12 skráðir í þjónustu Hugarafli en 5 luku lotunni.

MÓTTAKA KVÓTAFLÓTTAFÓLKS

Kópavogsbær tók á móti kvótaflóttamönnum á fyrri hluta árs 2016 samkvæmt samningi við velferðarráðuneytið til tveggja ára. Þrjár fjölskyldur komu frá Sýrlandi, alls sjö fullorðnir og sex börn. Fyrstu tvær fjölskyldurnar komu í janúar og þriðja fjölskyldan í apríl. Félagsráðgjafi sem ráðinn var tímabundið til að annast móttökuna var með aðsetur í ráðgjafa- og íbúðadeild og lauk hann störfum 1. maí 2017 eftir 18 mánaða starf með sveigjanlegu starfshlutfalli eftir þörfum hverju sinni. Ráðgjafinn var í raun verkstjóri móttökunnar. Hann sinnti fjölskyldunum með stuðningi, ráðgjöf og þjónustu, auk þess sem hann hélt utan um fjárhagsáætlun og reikningshald og annaðist samskipti og samstarf við fagaðila og stofnanir sem áttu aðkomu að móttöku eða þjónustu við fjölskyldurnar. Skýrsla um móttökuverkefnið var lögð fram á árinu.

ÁFANGAHEIMILI

Áfangaheimili var sett á laggirnar á árinu og flutti fyrsti íbúinn inn 8. desember. Heimilið er fyrir fólk með fjölþættan vanda sem þarf stuðning við búsetu. Um getur verið að ræða vanda vegna vímuefnaneyslu og fíknar, geðrænna erfiðleika, samskiptavanda, félagslegrar einangrunar eða fátæktar. Á heimilinu er haft að leiðarljósi að íbúar taki ábyrgð á sjálfum sér og sínum gjörðum, sýni öðrum virðingu og tillitssemi og að þeir vinni markvisst að því að efla eigið sjálfstæði til

sjálfshjálpar og sjálfstæðrar búsetu. Áfengis- og vímuefnaneysla er ekki heimil. Alls geta átta einstaklingar búið á heimilinu.

Þjónustusamningur var gerður við Samhjálp um reksturinn að undangengnu útboði. Útboðið byggði á kröfulýsingu og markaðskönnun sem var framkvæmd síðla sumars samkvæmt lögum um opinber innkaup.

FÉLAGSLEGT LEIGUHÚSNÆÐI

Félagslegar leiguíbúðir Kópavogsbæjar eru í eigu bæjarsjóðs en þær eru leigðar til tekju- og efnalítilla fjölskyldna. Í töflu 2 má sjá að fjöldi leiguíbúða í árslok voru 412 en 3 íbúðir voru keyptar á árinu. Engin íbúð var seld samkvæmt reglum um sölu félagslegra leiguíbúða til leigjanda eða á frjálsum markaði.

Tafla 2 Félagslegt leiguhúsnæði

	Fjöldi
Keyptar íbúðir	
2013	11
2014	5
2015	5
2016	4
2017	3
Samtals íbúðir 2013-2017	28
Tegund félagslegra leiguíbúða	
2ja herbergja	146
3ja herbergja	175
4ra herbergja	84
5 herbergja	7
6 herbergja	2
Samtals leiguíbúðir 2017	412

Um útleigu íbúða gilda reglur sem félagsmálaráð setti 11. desember 2003 með síðari breytingum.

Árið 2009 var innleitt stigakerfi þar sem umsóknir eru metnar til stiga á 24 stiga kvarða sem nær til tekna, húsnæðisaðstæðna, félagslegra aðstæðna,

stöðu umsækjanda og aldurs umsóknar. Stigaföldi umsóknar ræður að jafnaði forgangsroðun á biðlista eftir félagslegu leiguhúsnæði.

Umsókn um leiguíbúð þarf að endurnýja á hverju ári en umsóknaréttur er bundinn eftirtöldum skilyrðum:

- Umsækjandi hafi að öllu jöfnu átt lögheimili í Kópavogi í 6 mánuði.
- Umsækjandi má ekki eiga fasteign sem jafna má til íbúðarhúsnæðis.
- Umsækjandi þarf að færa sönnur á að hann standist ekki greiðslumat til kaupa á íbúð.

Mikill meirihluti leigjenda í leiguíbúðum í lok árs eru einstaklingar eða einstæðir foreldrar eða 359 á móti 48 hjónum eða sambúðaaðilum. Alls eru 290 börn í félagslegum leiguíbúðum.

UMSÝSLA LEIGUÍBÚÐA

Ráðgjafa- og íbúðadeild annast móttöku og úrvinnslu umsókna um félagslegt leiguhúsnæði. Einnig sér deildin um móttöku og afgreiðslu kvartana sem snúa að leigjendum. Fimm leigjendum var sagt upp á árinu í kjölfar kvartana.

Úthlutun íbúða er á vegum úthlutunarhóps í umboði velferðarráðs en hópinn skipa deildarstjórar ráðgjafa- og íbúðadeildar, þjónustudeildar aldraðra og Barnaverndar auk starfsmanns frá þjónustudeild fatlaðra.

Umhverfissvið annast eignaumsjón félagslegra íbúða þ.m.t. viðhald og endurbætur en kaup á íbúðum eru á hendi framkvæmdaráðs. Innheimta húsaleigu og bókhald er á hendi stjórnsýslusviðs.


Útreikningar á húsaleigu félagslegra leiguíbúða voru framkvæmdir þannig, að reiknað var út hver heildarleigan skyldi vera samkvæmt viðmiði Íbúðalánasjóðs og sú fjárhæð umreiknuð yfir á þágildandi fasteignamat. Upphaflega var reiknustuðullinn 5,7% af matinu, en honum hefur verið breytt árlega þannig að leigan hækkar að jafnaði ekki meira en sem nemur almennum verðlagsbreytingum á milli ára.

BIÐLISTI OG ÚTHLUTANIR

Alls bárust 132 umsóknir um leiguíbúð á árinu. Af þeim var 60 umsóknum hafnað. Í árslok voru 117 umsóknir (fyrirliggjandi) á biðlista. Þar af voru 68 umsóknir frá einhleypum einstaklingum, 46 voru frá einstæðum foreldrum og 3 frá hjónum eða sambúðaraðilum. Fjöldi barna að baki umsókna var 109. Þá voru 38 umsóknir frá leigjendum sem óskuðu eftir flutningi, ýmist í minni íbúðir eða stærri, eftir aðstæðum.

Á mynd 2.7 má sjá að alls var 33 félagslegum leiguíbúðum úthlutað á árinu en 37 á síðasta ári. Samtals voru útbúnir 33 húsaleigusamningar á árinu og var ýmist um nýja samninga að ræða eða endurnýjun á eldri samningum. Mjög mismunandi er hversu margir samningar eru gerðir hvert ár, en þeir voru 45 á síðasta ári en 66 árið þar á undan. Við upphaf leigu er gerður leigusamningur til sex mánaða en við lok þess tímabils er kannað hvort viðkomandi hafi staðið skil á leigugreiðslum, hvort umgengni um íbúð og sameign hafi verið með viðunandi hætti og hvort kvörtun hafi borist vegna leigutaka. Ef allir þessir þrír þættir eru í lagi er gerður ótímabundinn samningur en jafnframt óskað eftir upplýsingum um tekjur og eignir á 12 mánaða fresti.

2.7. FJÖLDI ÚTHLUTAÐRA FÉLAGSLEGRA LEIGUÍBÚÐA



BÚSETURÉTTUR

Búseturéttur um félagslega leiguíbúð er að öllu jöfnu bundinn ákveðnum skilyrðum varðandi félagslegar og fjárhagslegar aðstæður leigutaka. Litið er til leigu á félagslegu leiguhúsnæði sem tímabundna úrlausn.

Eftirtalin tekju- og eignaviðmið giltu um búseturétt leigjenda í leiguíbúð:

Tekjumörk einstaklings	5.105.000 kr.
Tekjumörk hjóna og sambúðarfólks	7.148.000 kr.
Fyrir hvert barn að 20 ára aldri sem býr á heimilinu bætast við	1.276.000 kr.
Eignamörk	5.510.000 kr.



Stöðugildi deildarinnar eru samtals 14,2 og skiptast þau í:

- 9,3 í vinnslu barnaverndarmála
- 1,0 stöðugildi yfirmanns
- 0,4 við vinnslu stuðningsúrræða samkvæmt Barnaverndarlögum
- 2,2 í Áttunni - uppeldisráðgjöf
- 1,3 stöðugildi sálfræðinga

Mikið samstarf er við lögfræðing sviðsins, Ásu Kristjánsdóttur, sem staðsett er á lögfræðideild, en hún er jafnframt ritari barnaverndarnefndar.

Deildarstjóri er Anna Eygló Karlsdóttir félagsráðgjafi.

BARNA- VERNDARNEFND

Barnaverndarnefnd Kópavogs fer með verkefni Barnaverndarlaga og ber ábyrgð á meðferð barnaverndarmála. Fulltrúar nefndarinnar eru fimm. Fundir barnaverndarnefndar voru 12 á árinu og var fjallað um mál 20 barna. Nefndin felldi 9 úrskurði er vörðuðu 13 börn. Auk þessa voru lagðar fyrir nefndina 4 umsagnir vegna ættleiðinga, 8 umsagnir vegna stuðningsforeldra og 3 umsagnir vegna úttekta á fósturforeldrum.

BARNA- VERNDARSTARF


Markmið barnaverndar samkvæmt Barnaverndarlögum nr. 80/2002 er að börn sem búa við óviðunandi aðstæður eða sýna áhættuhegðun fái nauðsynlega aðstoð. Ávallt er leitast við að styðja fjölskyldur og beita úrræðum til verndar börnum þegar það á við.

Málefni barna eru unnin á grundvelli Barnaverndarlaga. Við vinnslu barnaverndarmála er megináhersla lögð á aðstæður og líðan barna og að talað sé við börnin og að þau fái að koma sjónarmiðum sínum og skoðunum á framfæri í samræmi við aldur og þroska. Áhersla er lögð á samvinnu við foreldra og samstarf við aðrar fagstéttir þegar það á við. Fyllsta trúnaðar er gætt við vinnslu barnaverndarmála.

TILKYNNINGAR

Mál hefst hjá barnavernd þegar tilkynning berst um aðbúnað barns, ofbeldi gegn barni eða um áhættuhegðun barns. Þegar tilkynning berst til barnaverndar um vanrækslu, ofbeldi eða áhættuhegðun barns taka starfsmenn barnaverndar ákvörðun á fundi um hvort hefja skuli könnun málsins. Foreldrum er sent bréf til upplýsinga um að tilkynning hafi borist. Tilkynnanda er einnig sent bréf til staðfestingar á móttöku tilkynningar auk þess sem veittar eru almennar upplýsingar um málsmeðferðina. Allir hafa tilkynningarskyldu til barnaverndar skv. 16. gr. Barnaverndarlaga nr. 80/2002. Þar segir að hverjum þeim sem hefur ástæðu til að ætla að barn búi við óviðunandi uppeldisaðstæður, verði fyrir áreitni eða ofbeldi eða stofni heilsu sinni og þroska í hættu sé skylt að tilkynna það til barnaverndar. Í 17. gr. laga er sérstaklega kveðið á um tilkynningarskyldu þeirra sem hafa afskipti af börnum í starfi sínu. Tilkynningarskylda þeirra gengur framur ákvæðum laga eða siðareglna um þagnarskyldu. Þá er kveðið á um tilkynningarskyldu lögreglu í 18. gr. Barnaverndarlaga.

Á árinu bárust 839 tilkynningar til barnaverndar vegna 534 barna, þar af 4 tilkynningar vegna ófæddra barna. Af þessum tilkynningum voru 72 undir nafnleynd og 111 bárust í gegnum Neyðarlínuna. Barnavernd ákvað auk þess að hefja könnun máls skv. 21. gr. Barnaverndarlaga hjá 6 börnum vegna upplýsinga sem nefndinni bárust með öðrum hætti en tilkynningu. Mynd 3.1 sýnir fjölda barna og tilkynninga frá árinu 2010 til 2017.



Tafla 3.1 Uppruni tilkynninga til barnaverndar árin 2016-2017


Tilkynnandi	2016		2017	
	Fjöldi	Hlutfall	Fjöldi	Hlutfall
Lögregla	353	51%	423	50%
Grunnskólar og sérfræðipjónusta skóla	78	11%	93	11%
Heilbrigðisstarfsmenn	57	8%	81	10%
Aðrir aðilar	43	6%	70	8%
Aðrir ættingjar	30	4%	52	6%
Foreldrar barnanna	53	8%	49	6%
Nágrannar	34	5%	22	3%
Aðrar barnaverndarnefndir	11	2%	20	2%
Leikskólar og dagforeldrar	23	3%	15	2%
Þjónustumiðstöðvar og félagsþjónusta	12	2%	10	1%
Barnið sjálf	5	1%	4	0%
Samtals	699	100%	839	100%

Tilkynningum fjölgaði um 140 á milli ára, úr 699 árið 2016 í 839 árið 2017. Árið 2016 fækkaði tilkynningum frá lögreglu umtalsvert en fjölgaði á árinu aftur um 70 tilkynningar. Tilkynningum frá skólum, heilbrigðiskerfi og ættingjum fjölgaði einnig. Tilkynningum frá leikskólum fækkaði, en tilraunaverkefni um breytt verklag milli barnaverndar og leikskóla hófst á árinu. Verkefninu er meðal annars ætlað að fjölga tilkynningum frá leikskólunum í þeim tilgangi að bregðast fyrr við vanda barna með stuðningi og fræðslu.

Tafla 3.1 sýnir uppruna tilkynninga síðastliðin tvö ár. Flestar tilkynningar berast frá lögreglu.

Tilkynningum frá grunnskólum fjölgaði um 79 í 93. Lögd er mikil áhersla á samstarf barnaverndar og grunnskólanna og þessi aukni fjöldi tilkynninga gefur vísbendingu um að samvinna og traust sé að aukast á milli stofnana. Tilkynningum frá heilbrigðisstarfsmönnum fjölgaði um 24 í 81 á milli ára. Að öðru leyti helst hlutfall tilkynninga frá aðilum nokkuð stöðugt.

Tilkynnt var vegna 534 barna og er það fjölgun frá árinu 2016 þegar þau voru 483. Mynd 3.2 sýnir að ákveðið var að hefja könnun í málum 367 barna árið 2017 og þar af voru nýjar kannanir 302. Lítilsháttar fækkun varð á milli 2016 og 2017 eða um 12 kannanir.



Í töflu 3.2 er yfirlit yfir tilkynningar skipt eftir eðli þeirra. Flestar tilkynningar voru vegna áhættuhegðunar barna eða 321 tilkynning. Þetta

þau skilaboð að heimilisofbeldi sé ekki liðið í samfélaginu.

Tafla 3.2 Fjöldi tilkynninga til barnaverndar eftir eðli tilkynninga og kyni barns.

Eðli tilkynninga	2016			2017		
	Fjöldi	Drengir	Stúlkur	Fjöldi	Drengir	Stúlkur
<i>Ofbeldi</i>	244	122	122	253	129	124
<i>Tilfinningalegt/sálrænt ofbeldi</i>	166	93	73	188	102	86
<i>-þar af heimilisofbeldi</i>	112	59	53	133	72	61
<i>Likamlegt ofbeldi</i>	35	18	17	37	25	12
<i>Kynferðislegt ofbeldi</i>	43	11	32	39	8	31
<i>Vanræksla</i>	248	130	118	260	137	123
<i>Likamleg vanræksla</i>	44	20	24	46	29	17
<i>Vanræksla varðandi umsjón og eftirlit</i>	169	87	82	196	99	97
<i>-þar af foreldrar í neyslu</i>	95	54	41	88	44	44
<i>Vanræksla varðandi nám</i>	17	7	10	17	10	7
<i>Tilfinningaleg vanræksla</i>	32	12	20	40	24	16
<i>Áhættuhegðun barns</i>	202	145	57	321	222	99
<i>Neysla barns á vímuefnum</i>	38	32	6	51	29	22
<i>Barn stefnir eigin heilsu og þroska í hættu</i>	16	0	16	40	17	23
<i>Afbrot barns</i>	121	99	22	170	131	39
<i>Barn beitir ofbeldi</i>	24	21	3	42	37	5
<i>Erfiðleikar í skóla/skólasókn áfátt</i>	27	17	10	43	27	16
<i>Heilsa eða líf ófædds barns í hættu</i>	5			5		

var breyting á milli ára þar sem flestar tilkynningar árið 2016 voru vegna vanrækslu barna. Þessi fjölgun tilkynninga um áhættuhegðun barna helst þó í hendur við fjölgun tilkynninga frá lögreglu á árinu. Tilkynningum um vanrækslu og ofbeldi fjölga lítillega. Tilkynningum um heimilisofbeldi hélt áfram að fjölga á milli ára. Stöðug aukning hefur verið í tilkynningum um heimilisofbeldi frá því verkefnið Saman gegn ofbeldi hófst.

BAKVAKTIR

Samstarf er við Hafnarfjörð og Garðabæ um bakvakt sveitarfélaganna. Bakvaktin er neyðarvakt vegna barnaverndarmála og er opin utan skrifstofutíma. Þegar erindi berst á bakvakt er metið hvort þörf er á tafarlausri aðstoð. Öll símtöl til vaktarinnar fara í gegnum neyðarlínu 112. Sveitarfélögin skipta vöktunum í samræmi við íbúafjölda og gengur samstarfið vel. Sveitarfélögin taka einnig öll þátt í verkefninu Saman gegn ofbeldi. Markmið verkefnisins er að veita þolendum heimilisofbeldis viðeigandi aðstoð og senda

ÚRRÆÐI BARNVERNDAR

FÓSTUR

Með fóstri er átt við að barnavernd feli fósturforeldrum umsjá barns í minnst þrjú mánuði. Fósturráðstafanir eru þrenns konar: Tímabundið fóstur, varanlegt fóstur og styrkt fóstur. Barn fer í tímabundið fóstur þegar ætla má að bæta megi aðstæður þess hjá foreldrum. Tímabundið fóstur skal ekki vara lengur en tvö ár nema í undantekningartilvikum. Barn fer í varanlegt fóstur þegar fyrirsjáanlegt er að aðstæður þess verði ekki bættar á annan hátt. Með varanlegu fóstri er átt við að ráðstöfunin haldist þar til forsjárskyldur falla niður samkvæmt lögum við 18 ára aldur barnsins. Fóstur skv. 3. gr. Barnaverndarlaga þýðir að ráðstafanir sem gerðar eru á grundvelli laganna haldist eftir að börnin eru orðin 18 ára, allt til 20 ára aldurs. Styrkt fóstur á við þegar barn á við mikla hegðunarferðleika að etja og er þá um að ræða sérstaka umönnun og þjálfun barns á fósturheimili í takmarkaðan tíma, að hámarki tvö ár.

Á árinu fóru 12 börn í tímabundið fóstur, eitt barn í varanlegt fóstur, tvö börn í styrkt fóstur og hjá tveimur börnum var tímabundnu fóstri breytt í varanlegt fóstur. Gerður var samningur um vistun skv. 3. gr. Barnaverndarlaga fyrir eitt barn. Í lok ársins voru 32 börn í fóstri; 10 í tímabundnu fóstri, 19 í varanlegu fóstri, 2 í styrktu fóstri og 1 í fóstri skv. 3. gr. Barnaverndarlaga þar sem það var orðið eldra en 18 ára. Lögd er rík áhersla á heimsóknir starfsmanna Barnaverndar til barna í fóstri sem og á samvinnu við fósturforeldra, bæði til eftirlits og stuðnings. Farið var í heimsóknir á heimili 32 fósturbarna.

ÁTTAN UPPELDISRÁÐGJÖF

Úrræðið Áttan- uppeldisráðgjöf veitir foreldrum ráðgjöf og stuðning við umönnun og uppeldi barna sinna. Áttan hefur bæði aðkomu að barnaverndarmálum og málum þar sem foreldrar þurfa aðstoð vegna fatlaðra barna sinna.

Ráðgjafi Áttunnar kemur á viðkomandi heimili tvisvar í viku og varir þjónustan að jafnaði í 3-4 mánuði. Unnið er að því að greina vanda fjölskyldunnar, finna lausnir, leiðbeina foreldrum og vinna með þeim að settum markmiðum. Bætt samskipti foreldra og barna, uppeldisaðferðir og umbunarkerfi eru þeir þættir sem oftast er unnið með. Á árinu fengu 46 fjölskyldur stuðning Áttunnar. Bið eftir þjónustu er 4-9 mánuðir.

Tveir starfsmenn úrræðisins veita PMTO meðferð en henni er ætlað að draga úr hegðunarferðleikum barna og unglinga og er hún notuð til viðbótar við aðrar aðferðir úrræðisins. Á árinu fengu starfsmennirnir réttindi til að halda PMTO námskeið og var fyrsta námskeiðið haldið á haustönn. Fimm fjölskyldur sóttu PMTO meðferð og 11 fjölskyldur sóttu námskeiðið.

Áttan býður einnig upp á Step-by-step nálgun. Nálgunin felst í því að verkefni foreldra eru bútuð niður í litil og viðráðanleg skref með mikilli stýringu. Þrjár fjölskyldur fengu þjálfun samkvæmt Step-by-step.

VISTHEIMILI

Samkvæmt 84. gr. Barnaverndarlaga skulu barnaverndarnefndir hafa tiltæk úrræði svo sem vistheimili til að veita börnum móttöku í bráðatilvikum. Samningur er við einkaheimili sem þjónar þessum tilgangi. Á árinu voru 12 börn á aldrinum þriggja til sextán ára vistuð á heimilinu.

Áhersla er lögð á að börnin sæki heimaskóla sinn á meðan á vistun stendur, að þau sinni tómstundum sínum og haldi vinatengslum eins og hægt er.

STUÐNINGSFJÖLSKYLDUR

Samkvæmt 85. gr. Barnaverndarlaga skulu barnaverndarnefndir hafa tiltækar stuðningsfjölskyldur. Markmið stuðningsins er að tryggja öryggi barna, léttu álagi af börnum og fjölskyldum þeirra og styðja foreldra í uppeldislutverkinu. Heimilt er að vista barn hjá stuðningsfjölskyldu í allt að sjö daga samfelld en yfirleitt dvelja börn eina til tvær helgar í mánuði hjá stuðningsfjölskyldum sínum. Stuðningsfjölskyldur eru þýðingamikil úrræði en skortur á stuðningsfjölskyldum er viðvarandi. Á árinu fóru 12 börn til stuðningsfjölskyldna á vegum barnaverndar.

Úrræðið Vinasetur er helgarúrræði fyrir börn sem notað er þegar létt þarf álagi af börnum og fjölskyldum þeirra. Úrræðið nýtist einnig vel þegar börn búa við félagslega einangrun. Í Vinasetri er lögd áhersla á fjölbreytta frístundamöguleika og margskonar upplifanir, en einnig fastar hefðir og fyrirsjáanlegan ramma. Úrræðið var lokað fram á sumar en 9 börn fóru reglulega í úrræðið seinni hluta ársins.

PERSÓNULEGIR RÁÐGJAFAR

Úrræðið persónulegur ráðgjafi er veitt samkvæmt Barnaverndarlögum. Persónulegir ráðgjafar hafa það hlutverk að styrkja barn félagslega og tilfinningalega í tengslum við tómsundur, menntun og vinnu. Verkefni persónulegra ráðgjafa eru því fjölbreytt. Lögð er áhersla á að samband persónulegs ráðgjafa og barns byggist á gagnkvæmu trausti og vinsemd. Úrræðið reynist oftast vel og er mikið notað sem stuðningsúrræði í Barnavernd. Það var 61 barn með persónulegan ráðgjafa á árinu.

TILSJÓN

Tilsjónaraðilar eru ráðnir á vegum barnaverndar samkvæmt Barnaverndarlögum til að aðstoða fjölskyldur inni á heimilum þeirra. Stuðningurinn er margþættur en felst oftast í uppeldisráðgjöf, samstarfi við stofnanir sem fjölskyldan er í tengslum við og vinnu við skipulag heimilisins.

Á árinu fengu 20 fjölskyldur stuðning tilsjónaraðila. Að auki sinntu starfsmenn í tilsjón óboðuðu eftirliti hjá 6 fjölskyldum en í öllum tilvikum var eftirlitið ákveðið í samstarfi við foreldra. Tilsjónaraðilar höfðu einnig eftirlit með umgengni hjá 12 börnum sem voru í vistun utan heimilis.

SÁLFRÆÐINGAR

Sálfræðingar eru í 1,3 stöðugildi innan barnaverndar. Í starfi þeirra er lögð sérstök áhersla á að veita börnum sálfræðiaðstoð en einnig er foreldrum boðinn stuðningur. Sálfræðingur er í heimilisofbeldisteymi og sinnir hann viðtölum við börn sem hafa búið við heimilisofbeldi. Lögð er áhersla á að börn sem hafa upplifað heimilisofbeldi fái aðstoð sem fyrst, helst innan tveggja sólarhringa frá því að tilkynning um ofbeldið berst Barnavernd. Sálfræðingar velferðarsviðs og menntasviðs hafa í samstarfi sviðanna haldið námskeiðið Klókir krakkar. Námskeiðið er forvarnarnámskeið fyrir börn og foreldra barna sem eru í áhættuhópi fyrir að þróa með sér kvíðaraskanir.

SAMSTARF

SAMSTARFSVERKEFNI BARNAVERNDAR OG LEIKSKÓLA

Starfsmenn barnaverndar og leikskóladeildar menntasviðs hófu nýtt samstarfsverkefni á árinu. Markmið verkefnisins er að móta verklag varðandi samvinnu barnaverndar og leikskólanna sem eykur traust, eflir samvinnu og fjölga tilkynningum frá leikskólunum. Leikskólarnir Álfatún og Efstihjalli taka þátt í verkefninu sem er tilraunaverkefni til tveggja ára og lýkur í apríl árið 2019.

SAMAN GEGN OFBELDI

Verkefnið Saman gegn ofbeldi er samstarfsverkefni sveitarfélaga og Lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu um mál er varða heimilisofbeldi. Verkefnið er mikilvægt og hefur tilkynningum um börn sem búa við heimilisofbeldi fjölgað árlega frá því að verkefnið hófst árið 2015.

RIKK, rannsóknarstofnun í jafnréttisfræðum, gerði úttekt á verkefninu og skilaði skýrslu í apríl. Helstu niðurstöður voru að með verkefninu hefði tekist að auka öryggi borgaranna og veita þolendum og gerendum betri þjónustu. Einnig kom fram mikil ánægja með það fyrirkomulag að sálfræðingur Barnaverndar bjóði börnum sem hafa upplifað heimilisofbeldi viðtöl. Þrátt fyrir að vel hafi tekist til að ýmsu leyti voru lagðar fram tillögur til úrbóta. Í kjölfarið var verkefnahópur skipaður aðilum úr sveitarfélögunum þremur sem hafa sameiginlega bakvakt. Markmið hópsins er að fara yfir tillögur skýrslunnar og fylgja hugmyndum um úrbætur eftir.

FAGTEYMI

Barnavernd, Heilsugæslustöðvarnar í Hamraborg, Hvammi og Salastöð, Barna- og unglíngageðeild og skólaskrifstofa halda reglulega samstarfsfundir. Með skriflegu samþykki forsjáraðila er fjallað um mál einstakra barna á fundunum og stuðningur við þau samþættur.

LÖGREGLA

Barnavernd fær lögregluskýrslu ef afskipti hafa orðið af barni, heimili þar sem barn býr, eða ef brotið er gegn barni. Lögregla sendir skýrslur til barnaverndar vikulega og starfsmenn barnaverndar og lögreglu halda mánaðarlega samráðsfundi þar sem farið er yfir skýrslurnar og önnur verkefni sem tilheyra báðum stofnunum. Barnavernd upplýsir foreldra ávallt skriflega um að lögregluskýrsla hafi borist vegna barns þeirra.

SAMRÁÐSFUNDIR MEÐ FMB TEYMI

FMB-teymi Landspítalans (foreldrar, meðganga, barn) veitir þjónustu við foreldra sem eiga von á barni eða eiga barn á fyrsta aldursári. Markmið þjónustunnar er að styðja foreldra sem eru með alvarlegan geðrænan vanda og/eða ef áhyggjur eru af aðstæðum og tengslamyndun. Starfsmenn Barnaverndar Kópavogs, Reykjavíkur og Hafnarfjarðar halda mánaðarlega samráðsfundi með FMB-teyminu og með skriflegu samþykki forsjáraðila er fjallað um mál þeirra sem þiggja þjónustu teymisins. Markmið fundanna er að samþætta stuðningsúrræði og veita betri þjónustu til foreldra og ungra barna þeirra.

ÞJÓNUSTU- OG RÁÐGJAFARDEILD FATLAÐRA

4



Heildarfjöldi stöðugilda í deildinni er 103,5 og skiptast þau þannig:

- Skrifstofa: 4 stöðugildi deildarstjóra og ráðgjafa.
- Heimili, áfangheimili og frekari liðveisla: 73,8 stöðugildi.
- Vinna og virkni: 25,7 stöðugildi.

Deildarstjóri er Guðlaug Ósk Gísladóttir félagsráðgjafi.

VERKSVIÐ

Hlutverk deildarinnar er að veita fötluðu fólki þjónustu í samræmi við lög og reglugerðir. Samstarf er á milli deildarinnar og ýmissa stofnana, ráðuneytis, hagsmunasamtaka og annarra sveitarfélaga varðandi einstök verkefni og mótun málaflöksins til næstu ára.

Helstu verkefni deildarinnar eru:

- Ráðgjöf
- Ferðaþjónusta
- Félagsleg og frekari liðveisla
- Stuðningsfjölskyldur
- Skammtímvistun
- Atvinnumál og rekstur vinnustaða
- Búsetumál og rekstur heimila
- Tillögur að umönnunarmati
- Styrkveitingar skv. 27 gr. laga

SAMSTARF SVEITARFÉLAGA Á HÖFUÐBORGAR-SVÆÐINU

Sveitarfélögin á höfuðborgarsvæðinu hafa allt frá yfirfærslu málaflöksins haft með sér samstarf um ákveðna þjónustupætti. Samráðshópur sem skipaður er félagsmálastjórum sveitarfélaganna á svæðinu annast stjórn þeirra verkefna sem samningur kveður á um og hefur samráð um framkvæmd þjónustu við fatlað fólk á svæðinu. Í þessu samstarfi eru Kópavogur, Garðabær, Hafnarfjörður, Mosfellsbær, Reykjavík og Seltjarnarnes. Á síðasta ári var samráðinu breytt

þannig að það nær jafnframt til hefðbundinna verkefna á sviði félagsþjónustu sveitarfélaga.

Teymi skipað fulltrúum allra sveitarfélaganna annast inntöku í skammtímvistanir og hefur auk þess tekið að sér ýmis verkefni s.s. greiningu á atvinnumálum fatlaðs fólks og þróun einstaklingsáætla.

Árið 2014 réðu sveitarfélögin starfsmann í 50% starfshlutfall til að sinna eftirliti með þjónustu á öllum starfsstöðvum fyrir fatlað fólk. Unnið er að því að styrkja eftirlit enn frekar.

Samstarf er einnig á milli sveitarfélaganna um framkvæmd fræðslu fyrir starfsmenn þessara starfsstöðva. Á árinu voru haldin ýmis námskeið, meðal annars nýliðanámskeið, námskeið um skyndihjálp, varnarviðbrögðum, þjónandi leiðsögn, krefjandi samskiptum og námskeið um nauðung og þvingun. Þá voru einnig haldnir starfsdagar og fundir innan hversrar starfsstöðvar.

FJÖLDI NOTENDA

Á árinu nýttu 403 einstaklingar þjónustu á grundvelli laga um málefni fatlaðra, sem er mikil fjölgun frá árinu 2016, en þá voru þeir 305. Nýjum skjólstæðingum í deildinni fjölgaði töluvert á árinu eða um 108 en aukninguna má einnig rekja til fjölgunar notenda félagslegrar liðveislu og ferðaþjónustu. Mynd 4.1 sýnir dreifingu þjónustunnar, þ.e. hlutfall notenda með mismunandi þjónustu.

4.1 HLUTFALL NOTENDA MEÐ TILTEKNA ÞJÓNUSTU



HEIMILI FYRIR FATLAÐ FÓLK

Í árslok voru 49 íbúar í Kópavogi í sérhæfðri búsetu. Kópavogsbær rekur fimm íbúðakjarna og þrjú herbergjasambýli, þar af eitt sem rekið er af Styrktarfélaginu Ás samkvæmt þjónustusamningi.

Í gildi er húsnæðisstefna í málefnum fatlaðra til ársins 2026, sbr. samþykkt bæjarráðs frá september 2014, að fenginni tillögu velferðarráðs. Við yfirfærslu málaflöksins til sveitarfélagsins í ársbyrjun 2011 voru 40 einstaklingar á biðlista eftir húsnæði. Áætlunin gerir ráð fyrir 62 nýjum búsetuúrræðum í mismunandi útfærslum; dreifðum félagslegum íbúðum, félagslegum leiguíbúðum í klasa og íbúðakjörnum með sólarhringsþjónustu. Gert er ráð fyrir að 30 einstaklingar bætist við á biðlista á þessum 12 árum og að biðlisti verði tæmdur í lok árs 2026. Samkvæmt áætluninni var gert ráð fyrir að nýr íbúðakjarni yrði tekinn í notkun á árinu 2018 en nú er ljóst að svo verður ekki fyrir en á árinu 2020.

Í september voru gerðar endurbætur á heimili fimm einstaklinga í Vallargerði. Framkvæmdir stóðu yfir í rúmar tvær vikur og á meðan á þeim stóð dvöldu íbúar á nýju áfangaheimili sem velferðarsvið tók í notkun þá um haustið. Samstarf var við umhverfissvið bæjarins, hagsmunafélög og aðstandendur um hönnun og fyrirkomulag húsnæðisins.

Auk reksturs sérhæfðra búsetuúrræða er þjónusta veitt á heimili notenda í formi liðveislu, frekari liðveislu og félagslegrar heimaþjónustu, hvort sem viðkomandi býr í eigin húsnæði, leiguíbúð á almennum markaði eða í félagslegri leiguíbúð.

Á árinu var hafinn undirbúningur að því að efla þjónustu við fatlað fólk sem býr í eigin húsnæði en þarf sérhæfðan stuðning. Forstöðumaður íbúðakjarnans í Hörðukór heldur utan um verkefnið sem felur í sér að veita sértæka heimaþjónustu sem er heildstæð og tekur mið af þörfum hvers og eins. Starfsmenn verða fastráðnir og fá viðeigandi námskeið og handleiðslu.

NOTENDASTÝRÐ PERSÓNULEG AÐSTOÐ (NPA)

Aðeins einn einstaklingur sótti um samning um NPA þegar Kópavogur tók þátt í tilraunaverkefni um þessa þjónustu. Þessi tilhögun þjónustu gerir viðkomandi notanda kleift að ráða sjálfur til sín aðstoðarfólk á grundvelli samnings við sveitarfélagið sem greiðir fjármagn í samræmi við samþykktan tímafjölda í þjónustu svo og umsýslu- og útlagðan kostnað.

STUÐNINGS- ÞJÓNUSTA


Þessi þjónusta tekur til félagslegrar liðveislu, frekari liðveislu, stuðningsfjölskyldna og skammtíamavistunar. Í sumum tilvikum hafa notendur gert þjónustusamninga ef sýnt þykir að slíkt fyrirkomulag henti betur þörfum viðkomandi. Samningarnir fela í sér greiðslur til notenda, á grundvelli samþykkrar þjónustu, og er þeim ætlað að standa undir launakostnaði aðkeyptrar þjónustu þar sem notendur ráða sjálfir til sín starfsfólk.

FÉLAGSLEG LIÐVEISLA

Með félagslegri liðveislu er átt við persónulegan stuðning og aðstoð sem hefur að markmiði að


rjúfa félagslega einangrun og auka félagslega færni. Félagleg liðveisla er veitt að jafnaði frá sex ára aldri. Þessi þjónusta var til staðar fyrir yfirfærslu málaflokksins árið 2011. Að jafnaði eru einstaklingum veittir 16 tímar í liðveislu á mánuði en hámarkstímabildi er 36 tímar á mánuði samkvæmt reglum velferðarsviðs.

Mynd 4.2 sýnir að á árinu fengu 182 einstaklingar félagslega liðveislu. Þar af fengu sjö liðveislu á grundvelli þjónustusamnings. Heildarfjöldi liðveislutíma var 23.910, þar af voru 2.350 tímar veittir á grundvelli þjónustusamnings. Meðalfjöldi liðveislutíma á mánuði var um 11 tímar fyrir hvern einstakling. Af þeim sem nýttu sér liðveislu voru 82 einstaklingar 18 ára og eldri og 100 einstaklingar 17 ára og yngri. Árið 2016 fengu 172 einstaklingar liðveislu og var heildarfjöldi liðveislutíma 24.724. Einstaklingum 18 ára og eldri fækkað um 16 milli ára en það fjölgað um 28 í hópi barna og ungmenna. Þetta eru umtalsverðar breytingar milli ára og geta ástæður verið margvíslegar t.d. var fjölgun í umsóknum um liðveislu fyrir börn, frá 6-17 ára. Þá er starfsmannavelta töluverð sem hefur áhrif á hversu lengi þjónustan stendur yfir hverju sinni, jafnframt því sem erfitt hefur verið að fá starfsfólk. Getur það að hluta skýrt fækkun úthlutaðra tíma þrátt fyrir fjölgun notenda. Í lok árs voru 28 einstaklingar á biðlista eftir liðveislu. Heildarkostnaður vegna liðveislu á árinu var 111.263.418 kr. en var 117.786.662 kr. á árinu 2016 á uppreiknuðu verðlagi.



FREKARI LIÐVEISLA

Með frekari liðveislu er átt við aðstoð við athafnir daglegs lífs sem kemur til álita þegar almenn þjónusta, félagsleg liðveisla og heimaþjónusta dugar ekki til. Um er að ræða stuðning við fólk 18 ára og eldra. Mynd 4.3 sýnir fjölda einstaklinga sem notuðu frekari liðveislu árin 2011-2017 og heildarfjölda tíma. Á árinu fengu 29 einstaklingar frekari liðveislu, þar af 5 á grundvelli þjónustusamninga. Einn samningurinn er um NPA. Heildarfjöldi tíma í frekari liðveislu var 28.046, þar af voru 18.089 veittir á grundvelli þjónustusamninga. Meðaltalsfjöldi tíma í frekari liðveislu á mánuði var um 81 tími.



Einstaklingum með frekari liðveislu fækkaði um átta milli ára en meðalfjöldi tíma sem hver notandi fékk fjölgaði á sama tíma, úr 71 árið 2016 í 81 árið 2017. Notendum frekari liðveislu fjölgaði jafnt og þétt til ársins 2015 en hefur fækkað eftir þann tíma. Skýrist fækkunin meðal annars af því að nokkrir einstaklingar sem voru með frekari liðveislu hafa flutt í íbúðakjarna, þ.m.t. nýjan tíu íbúða kjarna í Austurkór sem tekinn var í notkun á árunum 2015 og 2016. Aukning í tímafjölda skýrist af verulegri þjónustuþörf hluta notenda, sem ekki hefur verið unnt að sinna fyrr en nú. Heildarkostnaður vegna frekari liðveislu var 104.088.451 kr. en var 119.500.610 kr. árið 2016 á uppreiknuðu verðlagi.

STUÐNINGS- FJÖLSKYLDUR

Á árinu nýttu 64 fjölskyldur barna í 1. – 3. umönnunarflokki stuðningsfjölskylduúrræði, þar af fjórar fjölskyldur á grundvelli þjónustusamnings. Er það fækkun frá síðasta ári þegar 66 börn nýttu þetta úrræði. Að meðaltali voru nýttir 2,3 sólarhringar á mánuði hjá stuðningsfjölskyldu. Alls voru stuðningsfjölskylduúrræði í 4. og 5. umönnunarflokki nýtt fyrir þrettán börn en á síðasta ári voru þau aðeins nýtt fyrir fimm börn. Í lok árs voru 37 fjölskyldur á biðlista eftir stuðningsfjölskyldu, en voru 29 árið á undan. Erfitt hefur verið að fá stuðningsfjölskyldur til starfa

og hafa ættingjar oft og tíðum tekið slík störf að sér að uppfylltum skilyrðum velferðarsviðs. Til umræðu hefur verið að hækka einingarverð til stuðningsfjölskyldna í von um að fleiri gefi sig í þessi störf. Heildarkostnaður vegna stuðningsfjölskylduúrræðis fatlaðra barna var 29.898.705 kr. en var uppreiknað 29.890.286 kr. árið 2016. Kostnaður vegna stuðningsfjölskyldna barna í 4. til 5. umönnunarflokki var 1.438.200 kr. á árinu.

ÞJÓNUSTUSAMNINGAR

Á árinu voru átta þjónustusamningar gerðir við notendur á grundvelli úthlutaðra tíma til liðveislu, frekari liðveislu og stuðningsfjölskyldu. Þar af voru þrjár vegna barna og fimm við einstaklinga 18 ára og eldri. Á síðasta ári voru gerðir tíu samningar við notendur. Þá voru gerðir samningar við einkaaðila til að sinna sérhæfðri aðstoð við fjóra einstaklinga. Heildarkostnaður vegna allra þjónustusamninga á árinu var 84.067.275 kr. en var 87.653.840 kr. á síðasta ári.

SKAMMTÍMAVISTUN


Skammtímavistun er til þess ætluð að létta álagi af fjölskyldum fatlaðra barna og ungmenna með tímabundinni vistun. Þjónustan getur stuðlað að því að ungmenni búi lengur í heimahúsum, hún veitir tilbreytingu og getur í sumum tilvikum verið undirbúningur flutnings að heiman. Kópavogur hefur aðgang að tveimur skammtímavistunum og nýtir þær á grundvelli samstarfssamnings sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu. Í Garðabæ er rekin skammtímavistun fyrir börn og í Hafnarfirði er rekin skammtímavistun fyrir 16 ára og eldri. Á árinu nýttu samtals 27 einstaklingar sér skammtímavistun; 14 börn, í að meðaltali 4 sólarhringa í mánuði og 13 einstaklingar 16 ára og eldri, í að meðaltali 5,7 sólarhringa á mánuði. Fjöldi einstaklinga sem nýttu skammtímavistun stendur í stað milli ára. Í lok árs voru 14 á biðlista eftir skammtímavistun. Heildarkostnaður vegna skammtímavistunar var 94.466.087 kr. en var 85.093.792 kr. á síðasta ári.

Kópavogsbær rekur áfangaheimili í Hrauntungu fyrir ungt fólk sem dvelur þar tvær vikur í senn á tveggja vikna fresti. Þjónusta áfangaheimilisins er veitt á grundvelli samstarfssamnings milli sveitarfélaganna á höfuðborgarsvæðinu og er heimilið ætlað sem undirbúningur fyrir ungt fólk sem er að flytja að heiman. Gert er ráð fyrir að ungmenni sem þar dvelja geti nýtt úrræðið í tvö til þrjú ár. Á áfangaheimilinu eru tíu einstaklingar, engir úr Kópavogi. Heildarkostnaður vegna

rekstrar heimilisins var 72.693.421 kr. sem dreifist hlutfallslega á milli sveitarfélaganna á grundvelli nýtingar.

FERÐAÞJÓNUSTA FATLAÐRA OG ALDRAÐRA


Í september 2016 undirritaði Kópavogsbær samning við Efstahól ehf. um ferðaþjónustu og tók sá aðili til starfa þann 1. desember það sama ár. Starfsmenn meta umsóknir í samráði við notendur. Á mynd 4.4 sést að á árinu fengu 153 fatlaðir einstaklingar ferðaþjónustu. Heildarfjöldi ferða var 41.040 eða að meðaltali 22 ferðir á hvern farþega í mánuði. Farþegar voru flestir 18 ára og eldri, eða 143 talsins, en 12 börn nýttu ferðaþjónustu á árinu, þar af tíu framhaldsskólanemar. Á síðasta ári nýttu 135 fatlaðir einstaklingar sér ferðaþjónustu og var heildarfjöldi ferða 37.781 eða að meðaltali 23 ferðir á hvern farþega á mánuði. Farþegum fjölgaði því um 18 á milli ára en meðalfjöldi ferða á hvern einstakling hélst svipaður.



Markmið akstursþjónustu eldra fólks er að gera notendum kleift að búa heima sem lengst. Um er að ræða ferðir til einkaerinda, vegna tímabundinnar lækni meðferðar eða endurhæfingar, í dagvist utan Kópavogs svo og ferðir í skipulagt félagsstarf á vegum bæjarfélagsins. Á árinu notuðu 164 aldraðir einstaklingar ferðaþjónustu og var heildarfjöldi ferða 7.476 (sjá mynd 4.4). Meðalfjöldi nýttara ferða í mánuði var 3,81 á hvern farþega, sem er svipuð nýting og á síðasta ári. Samanlagður heildarfjöldi ferða á árinu var 48.516 en var 43.878 á árinu 2016.

Kostnaður sveitarfélagsins vegna ferðaþjónustu á árinu var 102.398.533 kr. en var 110.646.773 kr. árið 2016. Hlutur farþega yngri en 67 ára nam helmingi af fargjaldi Strætó, en hlutur eldri farþega nam 500 kr. fyrir hverja ferð að 16 ferðum í mánuði, en 1.000 kr. eftir það. Nemendur framhaldsskóla gátu keypt nemakort fyrir skólaárið á gjaldi Strætó. Heildargreiðslur farþega voru 11.468.500 kr. en voru 8.960.079 kr. árið 2016.

Í lok árs var gerð þjónustukönnun meðal allra fatlaðra notenda ferðaþjónustu. Á mynd 4.5 má sjá helstu niðurstöður. Að meðaltali eru ríflega 76% svarenda ánægðir eða mjög ánægðir með þjónustuna og 90% eru ánægðir eða mjög ánægðir með viðmót bílstjóranna. Unnið er að því að bæta ferðaþjónustu enn frekar.



UMÖNNUNARMAT

Umönnunargreiðslur eru greiddar til foreldra fatlaðra barna. Greiðslurnar eru skattfrjálssar og greiddar út mánaðarlega og til þess ætlaðar að mæta útlögðum kostnaði foreldra vegna meðferðar barna svo sem þjálfunar, heilbrigðisþjónustu og greiðslna til sérfræðinga. Umönnunargreiðslur eru almennt veittar til 18 ára aldurs barna en í undantekningartilvikum til 20 ára aldurs.

Foreldrar fatlaðra barna geta sótt um umönnunargreiðslur til Tryggingarstofnunar ríkisins en ráðgjafar í málefnum fatlaðra hjá velferðarsviði Kópavogs veita umsögn og gera tillögur að umönnunarmati. Endanleg ákvörðun umönnunarmats er ávallt Tryggingastofnunar og annast hún allar greiðslur. Umönnunargreiðslur eru

sambýkktar til ákveðins tíma og endurmetnar með reglulegu millibili. Á árinu veittu ráðgjafar umsögn og gerðu tillögur að umönnunarmati í 105 tilvikum samanboreð við 55 tilvik á árinu 2016.

STYRKIR

Styrkjum, sem eru veittir samkvæmt lögum um málefni fatlaðra, er ætlað að auðvelda fólki að verða sér úti um þekkingu og reynslu til þess að auka möguleika sína til virkrar þátttöku í samfélaginu. Annarsvegar er um að ræða námsstyrki fyrir námskeiðsgjöldum, skólagjöldum og námsgögnum og hins vegar styrki vegna verkfæra- og tækjakaupa til þess að skapa atvinnutækifæri.

Styrkjum er úthlutað einu sinni á ári og taka úthlutanir mið af fjárhagsáætlun og fjölda og eðli umsókna hverju sinni. Á árinu fengu 12 einstaklingar styrk og var hverjum og einum úthlutað að meðaltali um 51.625 kr. Árið 2016 sóttu 12 um styrk og var úthlutað að meðaltali um 41.200 kr. Kostnaður vegna styrkveitinga á árinu var 619.500 kr.

VINNUSTAÐIR

Vinnustaðir fatlaðs fólks á höfuðborgarsvæðinu eru ýmist reknir af sveitarfélögum eða sjálfseignastofnunum samkvæmt þjónustusamningum. Sveitarfélögin á höfuðborgarsvæðinu reka átta vinnustaði, þar af rak Kópavogsbær þrjár fram til haustsins 2017; starfsþjálfunaraðinn Örva og hæfingarstöðvarnar í Fannborg og við Dalveg, en í október var starfsemi hæfingarstöðvar í Fannborg lögð niður.

Hafnarfjörður rekur hæfingarstöðvarnar Bæjarhraun og Geitungana. Í Mosfellsbæ eru tveir vinnustaðir; Skálatún og handverkstæðið Ásgarður. Reykjavík rekur hæfingarstöðina Gylfaflöt. Ás styrktarfélag rekur vinnustaði við Ögurhvarf í Kópavogi og í Stjórnugróf í Reykjavík. Á árinu 2016 keypti félagið húsnæði við Ögurhvarf þangað sem vinnustofa Ás flutti það sama ár. Á árinu hefur verið unnið að

því að innréttu allt húsnæðið undir vinnutengda starfsemi og virkni og jókst starfsemin eftir því sem leið á árið. Jafnframt því rekur Ás tvo vinnustaði í Stjórngróf, Bjarkarás og Lækjarás þar sem boðið er uppá val um vinnu og virkni.

Samstarf var við önnur sveitarfélög að leggja starfsemi hæfingarstöðvar í Fannborg niður, en þangað sóttu um 30 einstaklingar vinnu af öllu höfuðborgarsvæðinu. Kópavogsbær gerði samning við Ás styrktarfélag um vinnu og virkni fyrir þá sex kópavogsbúa sem höfðu sótt vinnu í Fannborg. Þá var gerður samningur við Ás styrktarfélag um smíðaverkstæðið Smíkó sem staðsett var í Fannborg og fékk það aðsetur í nýju húsnæði Ás styrktarfélags við Ögurharf í Kópavogi. Í Smíkó starfa 6 einstaklingar, allir með lögheimili í Kópavogi.

Markmið þjónustunnar er að veita vinnu og gefa kost á virkni sem miðar að því að auka hæfni til starfa og þátttöku í daglegu lífi. Á árinu 2015 var undirrituð viljayfirlýsing um framtíðarskipan atvinnumála fatlaðs fólks. Þetta felur meðal annars í sér að aðgengi að öllum atvinnutengdum aðgerðum er á sama stað. Vinnumálastofnun tekur á móti öllum umsóknum um vinnu, metur færni einstaklinga og beinir umsóknum í þann farveg sem hentar best hverjum og einum eins og kostur er. Flestir sem sækja vinnu starfa hálfan daginn.

Í desember voru 37 einstaklingar í vinnu á Dalvegi, þar af 7 Kópavogsbúar. Í Örva sóttu 26 einstaklingar vinnu, þar af 5 Kópavogsbúar. Samtals sóttu því um 63 einstaklingar vinnu í Kópavogi og af þeim voru 12 Kópavogsbúar. Þá sóttu 30 Kópavogsbúar vinnu utan Kópavogs, hjá Ás styrktarfélagi og nágrennasveitarfélögum. Samkomulag er á milli sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu og Vinnumálastofnunar um atvinnu með stuðningi sem felur í sér að fatlað fólk sækir um vinnu til stofnunarinnar líkt og aðrir sem eru í atvinnuleit og fá aðstoð við að fá vinnu á almennum markaði með einstaklingsmiðuðum stuðningi.

LENGD VIÐVERA FRAMHALDS-SKÓLANEMA

Hafnarfjarðarbær og Reykjavík reka lengda viðveru fyrir framhaldsskólanema þar sem ungmenni á höfuðborgarsvæðinu geta sótt félagsstarf eftir skóla, samkvæmt samningi við lögheimilissveitarfélag. Á árinu nýttu tvö ungmenni úr Kópavogi lengda viðveru í Hinu húsinu í Reykjavík og fjögur í Vinaskjólí í Hafnarfirði.

ÁTTAN UPPELDISRÁÐGJÖF

Áttunni - uppeldisráðgjöf er m.a. ætlað að veita ráðgjöf til foreldra fatlaðra barna, en mikil eftirspurn er eftir slíkri þjónustu. Ráðgjöfin fer fram á heimili fjölskyldunnar þar sem foreldrum er veittur stuðningur og ráðgjöf varðandi uppeldi jafnframt því sem þeir fá aðstoð við að koma á ákveðnu dagskipulagi, ef svo ber undir. Ráðgjöfin er veitt að jafnaði í þrjú mánuði í senn. Á árinu nýttu 18 fjölskyldur fatlaðra barna ráðgjöf frá Áttunni, en 16 á árinu 2016. Í september var stöðugildi aukið úr hálfu í heilt og er vonast til að með því takist að stytta bið eftir ráðgjöf.

DVÖL

Dvöl er athvarf fyrir fólk með geðraskanir og er til húsa í Reynihvammi 43. Athvarfið tók formlega til starfa á alþjóða geðheilbrigðisdeginum 10. október 1998 og var samstarfsverkefni Rauða krossins í Kópavogi, Kópavogsbæjar og Svæðisskrifstofu málefna fatlaðra á Reykjanesi, en Kópavogsbær tók alfarið við rekstrinum í janúar 2013.

Í Dvöl koma gestir á eigin forsendum og oft með stuðningi til að njóta samveru við aðra. Í starfinu er áhersla lögð á að efla sjálfstæði og virkni gesta. Samstarf er við Kópavogsdeild Rauða krossins sem kemur að starfsemi með því að útvega sjálfboðaliða í athvarfið. Fjöldi gesta var að meðaltali tíu á dag. Gestir geta keypt heitan mat í hádeginu og nýttu að meðaltali sjö gestir sér það á dag.


YFIRLIT REKSTRARKOSTNAÐAR ÞJÓNUSTU- OG RÁÐGJAFARDEILDAR FATLAÐRA

Í töflu 4.1 má sjá kostnað og tekjur vegna yfirfærslu málafloksins frá ríki til sveitarfélaga árin 2014 – 2017.

Tafla 4.1 Kostnaður og tekjur vegna yfirfærslu málefna fatlaðra frá ríki

	Tölur á verðlagi des 2017			
	2014	2015	2016	2017
Tekjur	1.093.351.757	1.186.201.075	1.198.581.744	1.365.723.290
Framlög frá Jöfnunarsjóði	555.790.968	626.062.627	559.095.221	713.391.827
Hlutdeild í Útsvari 0,25%	306.377.665	300.902.826	368.378.260	360.000.000
Millirukkun og annað	231.183.124	259.235.622	271.108.263	292.331.463
Gjöld	1.133.789.593	1.257.042.802	1.402.690.095	1.529.006.197
Launakostnaður	20.785.866	18.034.359	24.981.875	23.843.804
Rekstur - vörukaup	73.169	52.356	75.391	238.926
Rekstur - þjónustukaup	2.354.015	4.376.988	685.832	586.410
Aðkeypt - millipjónusta	145.592.338	156.736.123	173.076.715	182.693.583
Reiknuð afnot, styrkir og framlög	40.980.578	43.361.897	33.309.990	48.921.337
Stuðningsfjölskyldur	28.779.429	29.000.392	29.890.286	29.898.705
Ás - Kastalagerði	69.112.763	71.888.188	72.123.968	82.278.481
Heimili og íbúðakjarnar	444.418.964	499.648.677	618.414.876	719.219.131
Hrauntunga áfangageim.	61.974.000	71.464.687	68.801.206	72.693.421
Hæfingarstöðvar	178.731.578	194.145.688	205.537.619	204.468.756
Örvi starfsþjálfun	55.379.006	62.680.878	56.291.726	60.075.192
Frekari liðveisla	85.607.887	105.652.569	119.500.610	104.088.451
Afkoma (-tap)	-40.437.836	-70.841.727	-204.108.351	-163.282.907
Stjórnunarkostnaður (5%)	56.689.480	62.852.140	70.134.505	76.450.310
Afkoma m. stj.kostnaði (-tap)	-97.127.316	-133.693.867	-274.242.856	-239.733.217

ÞJÓNUSTU- OG RÁÐGJAFARDEILD ALDRAÐRA



Í deildinni starfa 76 starfsmenn í 60,8 stöðugildum sem skiptast svo:

- Skrifstofa: 5 starfsmenn í 5 stöðugildum: Deildarstjóri, iðjupjálfi og þrír þjónustustjórar félagslegrar heimaþjónustu
- Félagsleg heimaþjónusta: 40 starfsmenn í 35,8 stöðugildum, þar af 3 starfsmenn í 2,9 stöðugildum í innlitum
- Roðasalir: 31 starfsmaður í 20 stöðugildum
- Að auki er greitt fyrir 6 stöðugildi félagsliða sem starfa undir stjórn Heimahjúkrunar Höfuðborgarsvæðisins.

Deildarstjóri þjónustu- og ráðgjafardeildar aldraðra er Anna Klara Georgsdóttir. Hún fór í barnsburðarleyfi þann 1. júlí og leysti Gauja Hálfðanardóttir hana af.

VERKSVIÐ



Megin verkefni deildarinnar eru annars vegar félagsleg heimaþjónusta og ráðgjöf og hins vegar rekstur hjúkrunarheimilis og dagþjónusta fyrir einstaklinga með minnisskerðingu í Roðasölum. Önnur verkefni felast m.a. í samstarfsverkefnum við aðrar stofnanir, fræðslu um málefni og þjónustu við aldraða, þátttöku í úthlutun félagslegra leiguíbúða og aðkomu að stefnumótun og áætlanagerð í málaflokknum.

Kópavogsbúar 67 ára og eldri voru í árslok 2017 alls 4.523 (sjá mynd 5.1). Árið áður voru þeir 4.342 og fjölgaði þeim því um 4,17% á milli ára og eru þeir nú

12,6% af heildarfjölda íbúa bæjarins. Á mynd 5.1 má sjá fjölgunina sem orðið hefur í þessum aldurshópi á síðustu tíu árum. Árið 2008 voru aldraðir 10,47% bæjarbúa svo hlutfall þeirra af heildarfjölda hefur hækkað um 2,36 prósentustig á tímabilinu.

Mynd 5.2 sýnir aldurskiptingu Kópavogsbúa 67 ára og eldri, annars vegar í lok árs 2017 og hins vegar í lok árs 2008. Hlutfallsleg aukning er mest í hópi íbúa eldri en 85 ára, sem voru 216 árið 2008 en 494 nú sem jafngildir fjölgun um 129%. Þetta er sá hópur sem mesta þörf hefur fyrir þjónustu deildarinnar.

5.1 FJÖLDI KÓPAVOGSBÚA 67 ÁRA OG ELDRÍ



FÉLAGSLEG HEIMAÞJÓNUSTA

Félagsleg heimaþjónusta er veitt samkvæmt lögum um félagslega þjónustu sveitarfélaga nr. 40/1991 og lögum um málefni aldraðra nr. 125/1991. Félagsleg heimaþjónusta er veitt íbúum sem búa í heimahúsum og geta ekki hjálparlaust séð um heimilishald eða félagslegar athafnir vegna skilgreindrar skerðingar eða félagslegra aðstæðna. Markmið heimaþjónustu er að efla notanda til sjálfsbjargar og gera honum kleift að búa sem lengst á eigin heimili við sem eðlilegastar aðstæður. Með félagslegri heimaþjónustu er hægt að stuðla að aukinni sjálfsbjargargetu með því að veita aðstoð við almenn dagleg verkefni auk þess sem félagslegri virkni er viðhaldið. Við framkvæmd félagslegrar heimaþjónustu er lögð áhersla á að hvetja notandann til ábyrgðar á sjálfum sér og gagnvart öðrum og að virða sjálfsákvörðunarrétt hans. Stjórnvöld hafa lagt aukna áherslu á þjónustu í heimahúsum undanfarin ár þar sem flestir einstaklingar kjósa að dvelja heima sem lengst, auk þess sem slíkt þjónustuform er ódýrari kostur en dvöl á hjúkrunarheimili.

Félagsleg heimaþjónusta felst í eftirfarandi þjónustubáttum:

- Aðstoð við heimilishald
- Innlitsþjónusta
- Heimsendingu á matarbökkum

UMSÓKNIR UM ÞJÓNUSTU

Málafundir eru að jafnaði haldnir vikulega og voru þeir 41 á árinu. Á fundum fara þjónustustjórar, iðjubjálfi og deildarstjóri yfir nýjar umsóknir og mat á þjónustubörf sem framkvæmt hefur verið með heimsókn til umsækjenda. Þjónustustjórar

eða iðjubjálfi meta þjónustubörf umsækjenda með Rai-Home Care mælitækinu auk þess sem heimilisaðstæður eru skoðaðar. Á grundvelli þjónustumats og læknisvottorðs eða hjúkrunarbréfs sem fylgja þarf umsóknum er þjónustu úthlutað. Alls bárust 179 nýjar umsóknir um félagslega heimaþjónustu á árinu og var um 350 tímum úthlutað.


AÐSTOÐ VIÐ HEIMILISHALD

Stærsti þáttur heimaþjónustu felst í aðstoð við heimilishald. Starfsmenn sinna nauðsynlegum heimilisverkum sem notendur geta ekki sinnt sjálfir, en gert er ráð fyrir því að notandi og aðrir heimilismenn taki þátt í heimilisþrifum eins og kostur er. Helst er um að ræða aðstoð við þrif á gólfum, salernum og eldhúsum, afþurrkun og rúmfataskipti, en ítarleg verklýsing er gerð fyrir hvert heimili við upphaf þjónustu. Heimilisþrif eru almennt innt af hendi aðra hverja viku, nema sérstakar aðstæður kalli á annað. Greitt er fyrir þjónustuna samkvæmt gjaldskrá sem uppfærð er og samþykkt í bæjarstjórn ár hvert.

Árið 2017 var aðstoð við heimilishald veitt á 876 heimilum í Kópavogi. Mynd 5.3 sýnir fjölda heimila sem fengið hafa þjónustu á árunum 2012 til 2017. Þeim hefur fjölgað um tæplega 35% yfir tímabilið. Að jafnaði er veitt heimaþjónusta í 4 kl. í mánuði.

Eldri borgarar eru í miklum meirihluta (88%) notenda félagslegrar heimaþjónustu. Á þeim heimilum búa 955 einstaklingar og því fengu 22% Kópavogsbúa 67 ára og eldri þjónustu á árinu. Rúmlega helmingur notenda úr hópi eldri borgara er 80 ára og eldri.

5.3 FJÖLDI HEIMILA MEÐ AÐSTOÐ VIÐ HEIMILISHALD




INNLIT

Innlitsþjónusta er veitt einstaklingum með meiri þjónustubörf, ýmist vegna heilsufars eða félagslegra aðstæðna. Innlit eru í flestum tilfellum veitt til viðbótar við aðstoð við heimilisþrif. Í innlitsþjónustu felst aðstoð við innkaup, ýmist með eða fyrir viðkomandi, sem einskorðast við kaup á matvælum og lyfjum, félagsleg samvera s.s. gönguferðir og spjall, fylgd í ferðabjónustubíl, aðstoð á matmálistímum, fylgd í sundleikfimi eða félagsmiðstöð, aðstoð við klæðnað og fleira. Að jafnaði voru um 65 heimili á mánuði sem nýttu sér innlitsþjónustu árið 2017. Ekki er greitt fyrir slíka þjónustu.

HEIMSENDUR MATUR

Heimsendur matur er ætlaður þeim sem ekki geta eldað sjálfir. Þjónustan er sveigjanleg og er hægt að panta mat til skemmri eða lengri tíma. Matarbakkar eru keyrðir heim í hádeginu og er greitt fyrir matinn og heimkeyrslu samkvæmt gjaldskrá. Maturinn er keyptur hjá Veislulist sem einnig sér um útkeyrslu. Einnig er boðið upp á mat í öllum félagsmiðstöðum bæjarins og er sú þjónusta nokkuð vel nýtt. Að meðaltali nýttu 97 heimili sér matarsendingar í hverjum mánuði og heildarfjöldi heimsendra matarskammta var 19.202. Eins og mynd 5.4 sýnir er það talsverð aukning frá síðustu árum.

5.4 MEÐALFJÖLDI HEIMILA SEM FÉKK HEIMSENDAN MAT OG FJÖLDI MATARSKAMMTA



STARFSMENN HEIMAPJÓNUSTU OG SAMSTARFSVERKEFNI

Á síðasta ári var lagður grunnur að formlegu samstarfi við menntasvið og áfram var unnið að því að efla það samstarf árið 2017. Markmið samstarfsins er að draga úr félagslegri einangrun eldri borgara og að auka enn betur gott samstarf á milli aðila sem sinna þessum aldurshópi, þ.e. menntasvið, sem stýrir og rekur félagsmiðstöðvar eldri borgara, Félags eldri borgara í Kópavogi og Rauða Krossins í Kópavogi. Starfsfólk félagslegrar heimapjónustu getur gegnt lykilhlutverki í að sjá og bregðast við einkennum einangrunar og einmanaleika eldri borgara. Því er áhersla lögð á að starfsfólk þekki til félagsstarfsins og úrræða Rauða krossins s.s. heimsóknarvina og geti aðstoðað skjólstæðinga sína við að sækja þau.

FRÆÐSLA

Haldnir voru nokkrir fræðslufundir á árinu þar sem starfsmenn fengu m.a. fræðslu um góða líkamsbeitingu í starfi og eigin heilsuefingu, kynningu frá Alzheimersamtökunum um sjúkdóminn og helstu einkenni hans og kynningu á úrræðum Rauða krossins. Starfsdagur heimapjónustu var haldinn í nóvember og komu þar allir starfsmenn saman til þess að ræða starfið og verkefnið og hvernig veita megi áfram góða þjónustu og viðhalda góðum starfsanda. Starfsmenn unnu út frá gildunum sem þeir starfa eftir, en þau eru: Traust, jákvæðni, virðing, skilningur, samskipti, skipulag og að hafa gaman saman. Unnu starfsmenn sameiginlega að því koma með hugmyndir að bættum starfsanda, töluðu um það sem hefur vel tekist til og hvað megi bæta. Komið var á reglulegum viðburðum til að viðhalda góðum starfsanda og þjappa starfsmönnum saman.

RAFRAENT HEIMAPJÓNUSTUKERFI

Í mars 2016 var skrifað undir samning við hugbúnaðarfyrirtækið Curron ehf. um að taka upp rafrænt heimapjónustukerfi. Með upptöku slíks kerfis mun Kópavogsbær taka í notkun nýja tækni sem notuð verður til að bæta þjónustuna og einfalda allt utanumhald. Unnið var að uppsetningu og innleiðingu kerfisins á árinu, en gert er ráð fyrir að það verði tekið í notkun vorið 2018.

Heimapjónustukerfið er notað til þjónustustýringar og tímaskráningar og heldur kerfið jafnframt utan um alla samninga heimapjónustunnar. Með þessari velferðartækni er vonin sú að öll framkvæmd heimapjónustu við bæjarbúa verði markvissari. Kerfið heldur utan um allar verklýsingar og sendir í snjallsíma starfsmanna, sem auðveldar þeim allt skipulag og veitir betri yfirsýn yfir verkefnið. Öll framkvæmd er skráð í rauntíma þannig að starfsmenn fá breytingar beint í síma sína sem eykur sveigjanleika og dregur úr biðtíma. Einnig heldur kerfið utan um allar upplýsingar hvað varðar tímalengd þjónustunnar og hvaða þjónusta var veitt hverju sinni. Verkefnið felur í sér mikið samstarf starfsmanna velferðarsviðs og Curron ehf. og verður kerfið þróað áfram í samvinnu þeirra sem og þjónustunotenda.

ROÐASALIR

Í Roðasölum eru rekin sambýli og dagþjálfun fyrir minnisskerta einstaklinga. Stöðugildi í Roðasölum eru alls 19, þar af eru 13 í sambýlinu og 6 í dagþjálfuninni. Pláss er fyrir 20 einstaklinga í sérhæfðri dagþjálfun fyrir minnisskerta, en að jafnaði voru 23 innritaðir á árinu. Á sambýlinu búa tíu einstaklingar auk þess sem eitt hvíldarrými er á heimilinu. Þrjú einstaklingar fluttu á heimilið á árinu og voru komur í hvíldarinnlögn alls 24 talsins.

Á árinu voru 13 nýir einstaklingar innskráðir í dagþjálfun og 12 útskrifaðir. Nýtingarmeðaltal á mánuði fyrir þetta ár sló öll met og var 99,4%. Í lok ársins voru 40 Kópavogsbúar á biðlista fyrir dagþjálfun, þar af 32 sem þyrftu að komast að innan 3 mánaða, en flestir höfðu beðið í fleiri mánuði. Þetta er lengsti biðlisti frá opnun Roðasala, en í ársbyrjun voru 25 einstaklingar á biðlistanum. Markmið dagþjálfunar er að viðhalda og auka færni einstaklinga, auk þess sem fylgst er með almennu heilsufari þeirra og líðan. Aðstandendur þeirra sem eru í dagþjálfun fá mikinn stuðning og njóta t.a.m. aðstoðar við gerð umsókna um færni- og heilsumat og hvíldarinnlagnir. Sem fyrr er lækniþjónusta veitt frá Öldrunardeild Landspítala (Landakoti). Teymisfundir með lækni voru haldnir vikulega og fjölskyldufundir með aðstandendum eftir þörfum. Samhæfingarfundir voru haldnir reglulega með fulltrúum frá heimaþjónustu og heimahjúkrun til þess að tryggja að þjónusta við minnisskerta einstaklinga sem enn búa í heimahúsi sé samræmd og samfelld.

ÖNNUR DAGÞJÓNUSTA Í BÆNUM

Í Kópavogi er boðið upp á dagþjónustu á tveimur stöðum auk Roðasala; í Sunnuhlíð og Hrafnistu Boðabíngi. Í Sunnuhlíð eru pláss fyrir 20 einstaklinga og í lok árs voru þar um 69 einstaklingar á biðlista. Einstaklingar eru teknir inn í heilsdagsplass, allt frá einum degi upp í viku. Í Boðabíngi eru pláss fyrir 30 einstaklinga í dagþjónustu og eru þar um 38 einstaklingar á biðlista. Meðalaldur notenda á báðum stöðum er um 85 ár.

Ljóst er að brýn þörf er á að fjölga dagþjónusturýmum í bænum, bæði sérhæfðum plássum fyrir einstaklinga með heilabilun og almennum plássum, til að mæta mikilli eftirspurn

og löngum biðlistum. Dagþjónustuúrræði auka virkni og þátttöku einstaklinga í samfélaginu, létta á aðstandendum og geta haft gríðarlega jákvæð áhrif á líf og lífsgæði einstaklinga. Þegar unnt er að nýta og samþætta dagþjónustuúrræði, félagslega heimaþjónustu og heimahjúkrun eiga einstaklingar möguleika á því að lifa lengur sjálfstæðu lífi á heimilum sínum.

HJÚKRUNAR-HEIMILI


Varanleg búsetuúrræði á hjúkrunarheimili á vegum Kópavogsbæjar eru, eins og áður sagði, 10 hjúkrunarrými fyrir minnisskerta aldraða í hjúkrunarsambýli Roðasala. Að auki eru í bænum 70 hjúkrunarrými í Sunnuhlíð og 44 hjúkrunarrými í Hrafnistu Kópavogi, eða alls 124 rými.

Til þess að komast í hjúkrunarrými verður einstaklingur að hafa gilt færni- og heilsumat. Færni- og heilsumat er einstaklingsbundið mat á þörfum fyrir varanlega búsetu á hjúkrunar- og dvalarheimilum sem framkvæmt er af Færni- og heilsumatsnefndum á grundvelli gagna frá heimilislæknum, spítala, heimahjúkrun og velferðarsviði. Gerð er rík krafa um að öll úrræði séu fullreynd áður en einstaklingar fá jákvætt færni- og heilsumat og þar með pláss á biðlista eftir dvalarrými, þ.e. að félagsleg heimaþjónusta, heimahjúkrun og dagdvalarúrræði séu fullreynd áður. Þetta kallar á aukna þjónustu velferðarsviðs auk þess sem þjónustuþörf eykst með lengri bið eftir úrræðum. Sú flókna staða er því uppi að einstaklingar sem bíða eftir dagdvalarrými eiga mjög erfitt með að komast á biðlista eftir hjúkrunarrými og á sama tíma gengur illa að losa pláss í dagþjónustu þar sem lítið er um hjúkrunarrými.

Í lok ársins 2017 var 41 Kópavogsbúi með samþykkt færni- og heilsumat á biðlista eftir dvalar- eða hjúkrunarrými.

SAMSTARF VIÐ HEIMAHJÚKRUN HÖFUÐBORGARS-VÆÐISINS

Árið 2008 hófst formlegt samstarf á milli heimahjúkrunar heilsugæslunnar í Hamraborg, nú Heimahjúkrun Heilsugæslunnar á höfuðborgarsvæðinu, og velferðarsviðs. Markmið þessa samstarfs er að samþætta þjónustu fyrir þá einstaklinga sem þurfa bæði heimahjúkrun og félagslega heimaþjónustu. Velferðarsvið greiðir laun sex félagsliða sem staðsettir eru og vinna undir stjórn Heimahjúkrunar að verkefnum tengdum persónulegri umhirðu og félagslegri virkni notenda. Félagsliðarnir eru því hluti af hjúkrunarteymi Heimahjúkrunar Höfuðborgarsvæðisins í Kópavogi. Heimahjúkrun hefur, eins og áður segir, umsjón með úthlutun þjónustu og skipulagningu verkefna og heldur utan um daglega stjórnun þjónustunnar.



Heimahjúkrun hefur fimm teymi í Kópavogi. Hvert teymi samanstendur af hjúkrunarfræðingi sem er teymisstjóri yfir öllum teyminum, sjúkraliðum og félagsliðum sem vinna dag-, kvöld-, og helgarvaktir. Á dagvöktum virka daga eru fjórir félagsliðar, þrír eru á dagvöktum um helgar og tveir félagsliðar eru á kvöldvöktum alla daga vikunnar.

Á árinu 2017 voru 562 íbúar í Kópavogi innskráðir í heimahjúkrun sem er 13% allra íbúa 67 ára og eldri. Skjólstaðingar innskrifaðir í heimahjúkrun í Kópavogi 2017 voru 210 og 200 útskrifaðir. Hér fyrir neðan má sjá fjölda vitjana sem félagsliðar hafa sinnt undanfarin ár, en töluverð aukning hefur verið á milli ára. Í upphaflegum samningi voru 4 stöðugildi félagsliða en við endurskoðun samningsins árið 2015 var þeim fjölgað í sex.

Það er samdóma álit velferðarsviðs og heimahjúkrunar að þetta samkomulag hafi gefist mjög vel. Aðeins í Kópavogi er boðið upp á þessa samþættingu þar sem ekki hefur verið samið um slíkt við hin sveitarfélögin



Á almennri skrifstofu eru 7 starfsmenn í 7 stöðugildum.
Yfirmaður er Atli Sturluson viðskiptafræðingur Macc.

VERKSVIÐ

Almenn skrifstofa er stoðdeild innan velferðarsviðs sem annast afgreiðslu stofnunarinnar, eftir atvikum fjárhagslega umsýslu fyrir deildir sviðsins, fjárhagsáætlanagerð og eftirlit með kostnaðaráætlun.

Dagleg verkefni skrifstofunnar eru meðal annars greiðslur styrkja og lána sem veitt eru af velferðarsviði, eftirlit með innheimtu lána, tímaskráning og kostnaðareftirlit vegna liðveitenda og tilsjónarmanna, greiðslur og umsýsla sérstaks húsnæðisstuðnings, stofnun krafna vegna húsaleigu í búsetuúrræðum, heimilishjálpar og ferðaþjónustu. Skrifstofan hefur auk þess eftirlit með innra bókhaldi velferðarsviðs og afstemmingum ásamt bókhaldi heimilissjóða búsetuúrræða og því að yfirfara og staðfesta uppgjör Örva starfsþjálfunar.

Skrifstofan annast alla almenna ritaraþjónustu, umsjón með innkaupum rekstrarvara, símaþjónustu og umsjón með tölvu- og hugbúnaðarmálum sviðsins í samvinnu við upplýsingatæknideild bæjarins, auk þess sem skrifstofan heldur utan um skil á tölfraðilegum upplýsingum til Hagstofu Íslands og stjórnsýslusviðs Kópavogsbæjar.

SÉRSTAKUR HÚSNÆÐIS-STUÐNINGUR

Lög um húsaleigubætur féllu úr gildi í árslok 2016 og við tóku lög um almennan húsnæðisstuðning. Í ársbyrjun 2017 hóf Kópavogur því greiðslu sérstaks húsnæðisstuðnings. Að hluta var stuðst við leiðbeinandi reglur velferðarráðuneytis við útfærslu reglna um stuðninginn, en sveitarfélög hafa samkvæmt samkomulagi heimild til að verja þeirri fjárhæð sem áður var þeirra hluti í almennum og sérstökum húsaleigubótum til greiðslu sérstaks húsnæðisstuðnings. Einnig er heimilt að verja fjármagninu til annars konar stuðningsúrræða til leigutaka, s.s. til kaupa á félagslegu húsnæði. Ekki er greiddur sérstakur húsnæðisstuðningur til leigutaka í félagslega íbúðakerfinu, enda er sú leiga að hluta til niðurgreidd.

Hutdeild Kópavogsbæjar í greiðslu húsaleigubóta árið 2016 var liðlega 130 milljónir.

Árið 2017 var greiddur sérstakur húsnæðisstuðningur til 311 heimila að upphæð tæplega 70 milljónir. Einnig voru 60 milljónir settar í sérstakt átak í húsnæðisstuðningi vegna kaupa á félagslegu húsnæði.





Velferðarsvið
Kópavogs

ÁRSSKÝRSLA
2017

